

Heit og ljúffeng

PIZZA
 Hafnarstræti 7 - ☎ 456 3166

Nýtt og öflugt
verkfæri
 til íbúðakaupa **Íbúðalán.is**
 www.ibudalan.is

- Greiðslumat á netinu
- Lánsúmsókn á netinu



Símanúmer
 Landsbankans
 á Ísafirði
 er
410 4156

Landsbankinn
 Sími 410 4156
 Fax 410 3018



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
 Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 300 m/vsk

Fimmtudagur 8. mars 2007 · 10. tbl. · 24. árg.

Krefjast þess að brugðist verði við tillögum um eflingu atvinnumála

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar krefst þess að ríkisstjórnin bregðist við tillögum bæjar- yfirvalda um eflingu atvinnu- mála í bænum, sem samþykkt- ar voru í kjölfar þess að ákveðið var að loka starfsstöð Mar- el á Ísafirði. Meðal þess sem fram kom í tillögnum var að öllum ráðuneytum yrðu gefin fyrirmæli um að leggja fram hugmyndir um flutning starfa hjá sínum stofnunum, og að flytja ætti 100 opinber störf til Ísafjarðar á næstu tveimur

árum. Segir í bókun bæjar- stjórnar að um sé að ræða átak í málaflokkum sem ríkis- stjórnin hefur þegar samþykkt að vinna, og að flutningur 100 opinberra starfa til Ísafjarðar sé í samræmi við samþykka- stefnu ríkisstjórnarinnar. „Stefnu sem ekki hefur verið unnið eftir heldur hefur opinberum störfum þvert á móti fækkað á undanförunum á sama tíma og þeim fjölga í höfuð- borginni.“
 Ríkisstarfsmönnum á lands-

byggðinni hefur ýmist fækkað eða fjöldi þeirra staðið í stað frá árinu 1997 á sama tíma og ríkisstarfsmönnum í Reykja- vik hefur fjölgað um tæplega þrjú þúsund, eða sem nemur um það bil íbúafjölda Ísafjarð- ar í Skutulsfirði. Í orði kveðnu hafa stjórnvöld verið í átaki um fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni í rúman ára- tug. Í samþykkt stjórnvalda frá árinu 1994 segir: „Opinber

þjónusta og starfsemi opin- berra stofnana verði aukin á landsbyggðinni en dregin saman á höfuðborgarsvæðinu að sama skapi. Komið verði á samstarfi ríkisstofnana um svæðisskrifstofur þar sem það þykir hagkvæmt.“

Þá segir í bókun bæjar- stjórnar að tilvera framleiðslu- fyrirtækja á Vestfjörðum byggji á því að hægt sé að flytja hráefni til og frá. „Þar er

flutningskostnaður farinn að hamla verulega, svo verulega að fyrirtæki í sjávarútvegi og iðnaði telja kostnaðinn alvar- lega ógnun við starfsemi þeirra. Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar telur lífsnauðsynlegt fyrir vestfirskar byggðir að ríkis- stjórnin jafni flutningskostnað þannig að fyrirtækin séu jafn- sett hvað þann þátt rekstrarins varðar.“

– eirikur@bb.is



Stjórnshúsið á Ísafirði.

Hagnaður Sparisjóðs Bolungarvíkur 185 milljónir

Hagnaður Sparisjóðs Bolungarvíkur nam 185 milljón- um króna eftir skatta á síðasta ári samanborið við 110 millj- ónir árið áður. Útlán til ein- staklinga minnkaði hlutfalls- lega milli ára um fimm prósent en innlán jukust um þriðjung og voru rúmir þrír milljarðar.

Eigið fé jókst um 23 prósent og nam 1152 milljónum í lok árs 2006. CAD-eiginfjárlut-

fall var rúm 24, prósent í lok ársins samanborið við 25,4% í árslok 2005. Heildareignir námu rúmlega sex komma fimm milljarði króna í árslok 2006 og hafa aukist um tæp 15 prósent á árinu. Stjórn Sparisjóðs Bolungarvíkur leggur til að stofnfjáraðilum verði greiddur 15 prósentu arður.

– tinna@bb.is



Ævintýra- maðurinn Eyjólfur

– sjá viðtal í miðopnu við Eyjólf Ara Bjarnason, sem flakkað hefur heimshornanna á milli en er nú sestur að á Ísafirði

úrval

Samkaup

OPIÐ:
 virka daga
 kl. 09 - 21
 laugard. 10-21
 sunnud.
 kl. 12 - 21
 Verið
 velkomin!

Samkaup úrval

NEISTA
 HAFNARSTRÆTI 9-13
 SÍMI 456 5460

„ÁHYGGJULAUS“
 ALLT UM FLUTNINGA INNANLANDS – EITT NÚMER

EIMSKIP | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | www.eimskip.is

VIÐSKIPTA
 ÞJÓNUSTA
 EIMSKIPS
 525 7800



Dagurinn í dag

8. mars 2007 – 67. dagur ársins

Pennan dag árið 1914 voru lög um notkun bifreiða staðfest. Enginn mátti stýra bifreið nema hann væri „fullra 21 árs að aldri“. Í þéttbýli mátti ökuhraði aldrei vera meira en 15 km á klukkustund en 35 km utan þéttbýlis.



Slasaðist illa á höfði

Karlmaður á sextugsaldri slasaðist illa á höfði á föstudagskvöld er hann féll á brún á steypri stétt við heimili sitt í Bolungarvík.

Framkvæmdir stóðu yfir við húsið og var aðgengi slæmt. Maðurinn var fluttur á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði og síðan með sjúkraflugi til Reykjavíkur þar sem gert var að sárum hans.

Slösuðust í bílveltu

Bílvelta varð í Hestfirði í Ísafjarðardjúpi um kvöldmatarlettið á sunnudag. Fjórir aðilar voru fluttir á Fjórðungssjúkrahúsið á Ísafirði af vegfaranda og reyndust tveir þeirra vera slasaðir. Bifreiðin var flutt af vettvangi með kranabíl.

Þá urðu tvö önnur umferðaróhöpp í umdæmi lögreglunnar á Ísafirði í síðustu viku þar sem ekki urðu slys á fólki. Einnig voru fjórir ökumenn kærðir fyrir of hraðan akstur. Sá sem ók hraðast var á 123 km hraða þar sem leyfilegur hámarkshraði er 90 km/klst.

Sami hraði og í Reykjavík

Síminn hefur lokið við uppfærslu á símsstöð sinni á Ísafirði. Hefur sú aðgerð í för með sér að viðskiptavinir Símans á Ísafirði fá núna sama hraða á internet tengingar sínar og höfuðborgarbúar.

Mikilvæg forsenda fyrir því að hraðinn skili sér að fullu til viðskiptavina er að staðsetning þeirra sé ekki of langt frá símsstöð og að koparlínur frá hús-kassa inn á heimilin séu í góðu lagi.

Þessi uppfærsla er liður í áætlun Símans í uppbyggingu á internet-kerfum sínum en markmiðið er að allir stærri þéttbýliskjarnar landsins verður uppfærðir á næstu tveimur árum til jafns við höfuðborgarsvæðið.

Ef sveitarfélögin vilja frið gengur ekki að berja á kennurum

Meirihluti og minnihluti bæjarstjórnar sammæltust um það á fundi sínum fyrir stuttu að sveitarfélög beri mikla ábyrgð sem vinnuveitendur. Tvær bókanir voru lagðar fram, ein frá minnihluta og ein frá meirihluta. Í þeirri fyrri nefndu sagði m.a.: „Ljóst er að menn eru ekki sammála um túlkun á tölum í samningaviðræðum við kennara. Það hlýtur að vera skiljanlegt að stétt, sem telur að brotið sé á sér, sé ekki til viðræðna um breytingar á starfsumhverfi sínu fyrr en það hefur verið lagað. Sveitarfélögin tóku við rekstri grunnskólanna og þau bera því megin ábyrgð á starfsumhverfinu. Við verðum að gera okkur grein fyrir hverskonar andrúmsloft við viljum skapa um skólana. Ef sveitarfélögin í landinu vilja frið til að ræða um málefni grunnskólans gengur ekki hjá

þeim að berja á kennurum í kjaralegu tilliti, í slíku andrúmslofti næst hvorki árangur né sættir.“

Þá lagði meirihluti fram bókun þar sem meðal annars sagði: „Fagleg vinnubrögð í launaviðræðum og samningagerð eru nauðsynleg og hafa sveitarfélögin í þeim tilgangi falið launanevnd samninga-umboð sitt. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur boðið kennaraforystunni að taka upp samstarf og viðræður um sameiginlega framtíðarsýn, kjararannsóknir og rannsókn á þróun þess mikilvæga starfs, sem kennarar inna af hendi. Vonast er til að ágreiningur um endurskoðunar-ákvæði leysist sem fyrst svo hægt sé að hefja samstarf sveitarfélaga og grunnskólakennara á nýjum og uppbyggilegum grunni.“

– eirukur@bb.is



Grunnskólinn á Ísafirði.

Bæjarstjórn samþykkir vínveitingaleyfi fyrir Langa Manga í samræmi við umsagnir

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt vínveitingaleyfi vegna Langa Manga til 13. mars næstkomandi, en þá rennur út veitingaleyfi staðarins. Eins og sagt hefur verið frá var ákvörðun bæjaryfirvalda um veitingu vínveitingaleyfis Langa Manga felld úr gildi fyrir skemmstu vegna formsatriðis. Var Langa Manga fengið strax bráðabirgðavínveitingaleyfi og sótt var um nýtt leyfi svo ekki þyrfti að loka á vínveitingar á meðan vinnsla við nýja umsókn stóð

yfir. Með nýrri umsókn fylgdu umsagnir þær, sem kveðið er á um í 14. gr. áfengislaga nr. 75/1998 að fylgja skuli við afgreiðslu sveitarfélaga á vínveitingaleyfum og mun hafa vantað með fyrri umsókn.

Í áður nefndri grein áfengislaga segir: „Áður en sveitarstjórn veitir leyfi til áfengisveitinga á veitingastað skal hún afla umsagnar viðkomandi lögreglustjóra og heilbrigðisnefndar sem metur innréttingu og annað svipmót veitingarekstrar. Einnig skal

sveitarstjórn leita álits viðkomandi byggingar- og skipulagsnefnda. Sveitarstjórn skal rökstyðja niðurstöðu sína og gera grein fyrir þeim sjónarmiðum sem henni réðu. Skal sveitarstjórn ákveða heimilan veitingatíma áfengis á hlutaðeigandi veitingastað, gildistíma og skilyrði leyfis.“

Samþykki vínveitingaleyfis var byggt á umsögn lögreglustjóra og lögbundinna umsagnaraðila sem ekki höfðu athugasemdir við veitingu leyfisins. – eirukur@bb.is

– eirukur@bb.is



Veitingastaðurinn Langi Manga.

Leið leggur til að heimild til gjaldtöku fyrir notkun nagladekkja verði lögleidd

Leið ehf., vestfirskt félag um framþróun í samgöngum, sem er í eigu Jónasar Guðmundssonar sýslumanns í Bolungarvík, hefur með bréfi til samgöngunefndar Alþingis lagt til að gert verði ráð fyrir heimild til gjaldtöku af nagladekkjum í frumvarpi til vegalaga sem mælt hefur verið fyrir á Alþingi og nú er til meðferðar hjá nefndinni.

„Umræður um neikvæð

áhrif af notkun nagladekkja héraðs, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu, hafa farið mjög vaxandi undanfarið. Er þá einkum litið til mengunar lofts af völdum svifryks, slits á götum, hávaða sem naglarnir valda og tjóruagna sem festast á dekk og lakk bifreiða. Þó virðist ætla að ganga hægt að draga að ráði úr notkun nagladekkja þótt eitthvað virðist hafi dregið úr henni frá því

sem mest var. Vart kemur þó til greina að banna notkun nagladekkja héraðs eins og sums staðar þekktist“, segir í bréfinu. Ekki þykir koma til greina að banna notkun nagladekkja en miðað yrði við að sveitarfélögum yrði heimilað að ákveða hverju á sínu svæði hvort gjaldtöku yrði komið á og útfærsla hennar yrði í samræmi við reglur sem samgönguráðherra setti. Líklega

er vart raunhæft að gera ráð fyrir gjaldtöku sem þessari nema á höfuðborgarsvæðinu og þar í kring. Þá bauðst Leið ehf. jafnframt til að koma að undirbúningi þeirrar vinnu sem þarf til að af þessu megi verða.

Miðað við þá mengun og slit á götum sem nagladekk valda þykir margt mæla með að sú leið verði farin enda lítill not fyrir nagladekk á höfuðborgarsvæðinu nema örfáa

daga á ári. Þá má benda á að margar gerðir ónegltra vetrarhjóla eru orðnir betur til þess fallnir að aka í hálfu og snjó en áður og fleiri ökutæki eru búin fjórhjóladrif og ABS bremsum sem auka stöðugleika.

Þessi leið hefur verið farin í Osló og nokkrum öðrum borgum í Noregi og hefur þótt gefa góða raun til að draga úr notkun nagladekkja þar.

– eirukur@bb.is

29 manns á atvinnuleysisrá

Á landinu eru fæstir á atvinnuleysisrá á Vestfjörðum samkvæmt tölum Vinnamálastofnunar, þrátt fyrir að hrikt hafi í stoðum atvinnulífsins á Ísafirði á undanföllum dögum. Einungis hefur fjölgað um einn á atvinnuleysisrá frá 1. febrúar og í dag eru skráðir sex atvinnulausir karlmenn og 23 konur. Í byrjun janúar var fjöldi fólks á atvinnuleysisrá á Vestfjörðum í sögulegu lágmarki, en þá voru 24 einstaklingar skráðir án atvinnu. Atvinnuleysi á landinu í heild jókst um 0,1 prósentustig á milli nóvember og desembermánaða, en atvinnuleysi mældist 1,2% í lok sl. árs.

Vilja að fyrstu nemendur verði innritaðir í Háskóla Vestfjarða á vorönn 2008

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar vill að þegar verði hafinn undirbúningur við stofnun Háskóla Vestfjarða, en nú er starfrækt Háskólasetur á Ísafirði. Fyrir bæjarstjórnarkosningar í fyrra gerðu allir flokkarnir það að markmiði sínu að gera Háskólasetrið að fullburða háskóla. Arna Lára Jónsdóttir, bæjarfulltrúi lagði fram svohljóðandi tillögu:

„Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar beinir þeim tilmælum til stjórnar Háskólaseturs Vestfjarða, að hafinn verði strax undirbúningur að stofnun Háskóla Vestfjarða með það að markmiði að fyrstu nemendur verði innritaðir í janúar 2008. Uppbygging menntunar er lykilinn að jákvæðri byggðaupróun og í ljósi þeirra áfalla sem dunið hafa yfir byggðina okkar í atvinnumálum síðustu misseri er það forgangsmál að hér verður settur á fót sjálfstæður háskóli strax.“ Bæjar-



Háskólasetur Vestfjarða er til húsa í Vestrahúsinu.

stjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti tillöguna samhljóða.

Arna Lára segir mikilvægt að flýta stofnun fullburða háskóla, en í viðskiptáætlun Háskólasetursins sem menntamálaráðuneytið lagði fram í febrúar 2005 og gildir til fimm ára er stofnun fullburða há-

skóla ekki að finna. Arna Lára segir það einnig mikilvægt að fá eitthvað nýtt inn í bæjarfélagið til að stuðla að uppbyggingu á nýjan leik.

Halldór Halldórsson, bæjarstóri Ísafjarðarbæjar og formaður stjórnar Háskólasetursins, gerir ráð fyrir að stjórnin

muni bregðast við og álykta um málið, en hann segir hana ekkert hafa um það að segja hvort stofnaður verður háskóli. „Það er ríkisstjórnin og

Alþingi sem tekur þá ákvörðun en eins og ég skil stefnu ríkisstjórnarinnar er ekki á dagskrá að fjölga háskólum heldur fækka þeim með sam-

einingum“ segir Halldór.

Halldór segist þó sannfærður um að stofnun háskóla hér vestra sé skref sem beri að stíga sem allra fyrst.

Veita styrk til greiðslu fasteignagjalda á Skíðheimum

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að veita Hollvinafélagi Skíðheima styrk til greiðslu fasteignagjalda ársins 2007 af húsi félagsins á Seljalandsdal. Hollvinafélagið tók að sér að finna Skíðheimum nýtt hlutverk þegar húsið stóð frammi fyrir niðurrifi og halda því í góðu horfi að utanverðu. Skálinn hefur

verið málaður að utan og nánasta umhverfi hreinsað.

„Þar sem til stóða að rífa Skíðheima og ekki var reiknað með tekjum til bæjarfélagsins af þessari fasteign það sem er af líftíma hennar, er hér með óskað eftir styrk til greiðslu á fasteignagjöldum þar til Skíðheimar eru aftur komnir í notkun“, segir í erindi Holl-

vinafélagsins. Fasteignagjöldin nema 100.945 kr.

Skíðaskálinn Skíðheimar var reistur á sjötta áratug síðustu aldar. Svígskiðaiðkun fluttist alfarið yfir í Tungudal þegar lyftumannvirki á Seljalandsdal eyðilögðust í snjóflóði öðru sinni á áratugnum í mars árið 1999.

– thelma@bb.is

Leiðin að bættri líðan Ísafirði

Námskeið 13. mars 2007

Halldóra Sigurdórsdóttir heldur námskeið sem byggir á reynslu hennar og samnefndri bók.

Umfjöllun: Mataræði, MSG, heildrænar meðferðir, bætiefni, afstaða til lífsins o.fl.

Innifalið: Létt og holl máltíð, mataruppskriftir, heilræðalisti, kennsla í Qi gong.

Námskeiðið fer fram í Kiwanishúsinu, Skeiði 1, Ísafirði, 13. mars klukkan 19:00-22:00. Verð 4.900 kr.

Skráning í síma 5617440/8937440 eða með tölvupósti á dora@viki.is. Frekari upplýsingar má finna á www.viki.is.



PRJÓNABLÖÐIÐ ÝR
Verð kr. 1.495,- m/vsk. Ókeypis prjónaklúbbur á www.tinna.is
Er komið út! Nr. 37

Nýtt sandnes alpakka 100% ull
Nýtt easy 100% ull

72 glæsilegar prjónauppskriftir

- ungbarnaft
- barnapeysur
- Baby borndúkkur: prjónuð og heklauð fót burðarrúm og teppi
- bolerojakkar
- hanskar
- þæfðar hænur og hérar
- prjónuð dúkka

TINNA
Áskrift: 565-4610 eða www.tinna.is

Samkaup úrval ÍSAFJÖRÐUR

Nýtt EASY 100% MJÚK ULL

FJÖLBREYTT ÚRVAL AF PRJÓNAGARNI OG PRJÓNABLÖÐUM ÖÐRUVÍSI GARN SEM ALLIR ÆTTU AÐ LÁTA EFTIR SÉR AÐ PRJÓNA ÚR. Ókeypis prjónaklúbbur Tinna - skráning www.tinna.is



„Sumarhús“ á sjó í smíðum

Hjónin Jóhanna Gunnarsdóttir og Skúli A. Eliasson á Þingeyri eiga óvenjulegt áhugamál en þau eru að smíða bát. Vinnuna taka þau í skorpum en Jóhanna er forstöðumaður íþróttahússins á Torfnesi, Ísafirði og Skúli sækir sjóinn á Flæmska hattinum en hefur undanfarin ár starfað sem skipstjóri á togurum í Namibíu og Míritaníu auk Nýfundnaland. Rétt rúm tuttugu ár eru liðin síðan kjölurinn að bátinum var lagður og hefur hann breyst úr því að eiga að vera fiskibátur í „skemmtisnekkju“. Báturinn er 11,5 metri á lengd og 3,6 metrar á breidd. Skrokkurinn er úr tré og sköpun föður Skúla, Elíasar Þórarinnssonar, sem var sjálfskipaður skipasmiður. Stýrishúsið er úr áli sem, vegna léttleika síns, gerir þeim kleift að nýta rýmið sem best. Að sögn Jóhónnu eru þau að smíða eins konar sumarhús á sjó. Draumurinn er að sigla um heimsins höf þegar báturinn verður loks tilbúinn, þrátt fyrir að Jóhónnu sé hætt við sjóveiki. Hún er ákveðin í að ráða bug á henni, en þangað til njóta þau þess að eiga þetta sameiginlega áhugamál.

– Hvernig var upphafið að þessari óvenjulegu bátasmið? „Kjölurinn var lagður í desember 1986. Upphaflega átti þetta að verða fiskibátur. Við unnum töluvert í bátinum árið 1987 og veturinn '88 en í júlí það ár dó faðir minn sem var aðalsmiðurinn. Við héldum aðeins áfram eftir það en síðan kom langt stopp. Við fluttum til Namibíu 1993 og bjuggum þar í tæp þrjú ár. Þegar við fluttum aftur heim til Íslands fór ég að vinna í Míritaníu í Afríku í hálf ár. Síðan þá hef ég verið að vinna á Flæmska hattinum og Mikla banka austur af Nýfundnalandi.

Vinna við bátinn hafði því legið niðri í 15 ár þegar við fórum að velja því fyrir okkur 2003 hvað við ættum gera við hann. Þá stóðum við frammi fyrir því að missa húsnæðið

sem báturinn var í, sem var um 10 kílómetra frá Þingeyri. Báturinn var þá enn í því formi að ekki var hægt að flytja hann með góðu móti. Það hefði orðið mjög áhættusamt að flytja hann eins og hann var. Ég fékk því bróður minn Valdimar til þess að aðstoða mig við að setja í hann bönd til að styrkja hann. Við tókum tvær góðar tarnir og kláruðum skrokkinn á bátinum 2004. Við hjónin keyptum svo skemmu á Þingeyri og fluttum bátinn þangað um haustið.“

„Þá vorum við búin að taka ákvörðun um að báturinn yrði ekki fiskibátur og ákváðum þess í stað að búa til úr honum leikfang fyrir okkur. Þessi smíð er nú svolitil bilun en rosalega skemmtileg og ofboðslega mikil vinna,“ segir Jóhanna.

Eru þið ein að vinna í þessu?

Við vorum tveir að timburvinnunni í byrjun, ég og faðir minn, og sköpulagið á skrokknum er algjörlega hans. Bróðir minn Hrólfur kom að þessu um tíma og seinna líka annar bróðir minn, Valdimar, sem hjálpaði mér við böndin og að klára skrokkinn eins og ég sagði frá áðan.

Það flæktist svolítið fyrir okkur hvað við ættum að gera við bátinn því að ef við hefðum byggt hús úr tré ofan á skrokkinn hefði plássíð orðið svo lítið. Fyrir tilviljun komumst við í samband við stálskipasmið sem teiknaði fyrir okkur yfirbyggingu úr áli á bátinn. Okkur leist strax mjög vel á hana og ákváðum að slá til. Hann hefur svo verið okkur innan handa við smíðina. Við ákváðum því að búa til yfirbygginguna úr áli. Við byrjuðum á henni fyrir ári síðan og vinnum í því þegar ég er ekki úti á sjó. Þetta er mikil handavinnna og því seinleg og vandasöm smíð.“

Úr fiskibát í snekkju

„Verkið hefur tekið miklum breytingum frá því að um

fiskibát var að ræða“, segir Skúli. „Það setti þó auðvitað strik í reikninginn þegar aðalskipasmiðurinn dó, en það sem gerði útslagið var að árið 1989 voru sett ný lög sem fólu í sér að við sem vorum með báta í smíðum fengum þriggja mánaða frest til að klára þá. Ég fékk reyndar mjög góðan skipasmið frá Fáskrúðsfirði til þess að kíkja á bátinn en á þessu stigi var alveg vonlaust að klára smíðina áður en fresturinn rynnir út 18. ágúst það ár. Við misstum því allan rétt á kvóta þar sem báturinn var ekki tilbúinn. En annars hefðum við átt rétt á 80 tonna kvóta. Reyndar vissi ég af bátum sem verið var að klára allt fram að áramótum 1989 sem þó sluppu í gegn. Það var ekki sama hver átti í hlut eins og svo oft í þessum bransa. Manni fannst það súrt þá en ég er nú búinn að jafna mig á því fyrir löngu síðan.“

– Hvenær haldið þið að smíðinni verði fulllokið?

„Ég hef verið spurður að því oft áður hvenær báturinn verði sjósettur og svarið er orðið staðlað, það verður þremur dögum eftir að hann verður tilbúinn. Það er engin pressa á þessu. Þetta er bara tólmstundagaman, sumir fara í hestana, aðrir í hundana en við förum í bátasmiðina. Við vinnum fyrir þessu smátt og smátt þar til báturinn verður til“ segir Skúli.

Að sigla um á Eilífðinni

Á svo að sigla um heimsins höf þegar hann hefur verið sjósettur?

„Ég hef nú sagt við konuna mína, að þar sem henni hættir til að verða sjóveik, þá megi hún koma með yfir að Gemlufalli, bæ sem er handan fjarðar gengt Þingeyri, þegar ég legg af stað í heimsreisuna. Frammi-staða hennar á þessum fyrsta legg ræður svo því hversu langt hún fær að fara“, segir Skúli og hlær.

„Ég er mjög sjóveik og hef alltaf verið það. Ég hef þó oft farið með honum á sjó. Ég man eftir einni frægri ferð. Þá var hluti áhafnarinnar settur í land í Færeyjum. Ég flaug þangað ásamt öðru fólki og þaðan sigldum við til Bretlands og Þýskalands. Ég var svo hryllilega sjóveik að ég keypti mér flugmiða heim.“

„Og þar fór gróðinn úr siglingunni“, segir Skúli og hjónakornin skella bæði upp úr.

„En þegar við bjuggum í Namibíu var togarinn sem Skúli var á seldur til Spánar. Þá fór ég í þriggja vikna siglingu með skipinu til nýju heimahafnarinnar í Vígo, án þess að verða sjóveik. Galdurinn við það var að ég hafði uppgötvað armbönd sem gefa punktanudd. Ég hafði áður prófað plástra og sjóveikis-pillur en alltaf orðið bara enn veikari en þetta svínvirkaði. Nú bíður maður bara eftir að geta sest í helgan stein og farið að leika sér.“

„Að sigla um á Eilífðinni, sem er vinnuheitið á bátinum“, skýtur Skúli að kíminn.

Dæturnar erfðu siglingabakteríuna

– Hafa börnin ykkar tekið þátt í þessu tólmstundagami hjá ykkur?

„Við eigum fjórar dætur sem hafa fylgst með þessu en lítið komið að vinnunni. Þær bíða þó spenntar eftir því að fá að sigla þegar báturinn er tilbúinn. Þær tvær yngri hafa prófað að sigla en þær fóru með finnskri skútu sem kom til Ísafjarðar fyrir nokkrum árum en sú sigling var liður í sameiginlegu norrænu verkefni. Skútan fór frá Finnlandi, til Danmerkur, í kringum Ísland til Noregs og svo aftur til Finnlands. Ungmenni frá öllum löndunum skiptust á fara um borð og vinna að lista-verkefnum en að verkefninu stóðu tvær listakonur. Svo að dæturnar hafa þessa siglinga-

bakteríu“, segir Skúli.

„Svo fór nú Borgný dóttir okkar í óvænta siglingu frá Grænlandi einu sinni. Hún var að vinna á Grænlandi og við hjónin heimsóttum hana. Við fórum til að skoða okkur um og ætluðum svo öll þrjú að verða samferða heim. Þegar við vorum nýkomin til Grænlands kom að frönsk skúta“, segir Jóhanna. „Við fórum niður á brýggju að spjalla við áhöfnina. Það var nú frekar skondið en þeir spurðu okkur, sem sjálf vorum gestir þarna, hvort við vissum hvar þeir gætu komist í sturtu. Við bentum heim á íþróttahúsið og í staðinn buðu Frakkarnir okkur í mat. Við þáðum það og þá kom í ljós að það var laust einn pláss á skútunni. Þeir voru á leið í siglingu um austurströnd Grænlands og Borgný fór með þeim en við hjónin komum bara með farangur hennar heim.“

Ekki aftur snúið

– Bátasmiðin hefur vakið nokkra athygli er það ekki?

„Jú ég hef verið spurður að því oftar en einu sinni hvort ég þurfi ekki að fara að láta kíkja inn í hausinn á mér. Bæði út af bátasmiðinni og svo út af vinnunni minni þar sem ég

þarf iðulega að vera marga mánuði að heiman í einu. Það getur vel verið að maður sé orðinn léttgeggjaður eða kannski að maður hafi alltaf verið það. En það verður þá bara að hafa það, ekki verður aftur snúið“, segir Skúli kíminn.

„Þetta er mjög spennandi en í dag eru fáir sem fást við svona smíði eins og við. Við eigum því erfitt með að sækja okkur nauðsynlegar upplýsingar varðandi verkefnið. Stálskipasmiðurinn sem teiknaði yfirbygginguna hefur reynt okkur mjög vel. Þá er lítið unnið í smíðinni á meðan Skúli er úti á sjó. Við verðum að sjálfsgöðu líka að vinna fyrir þessu en þetta er afar kostnaðarsamt áhugamál. Eins og Skúli segir er engin pressa og við sjáum bara til hvað við komust langt í hverjum áfanga.“

Hefur þetta ekki verið lærdómsríkt ferli?

„Jú maður er búinn að læra heilan helling, og sérstaklega á þessari álsmíði sem felst í yfirbyggingunni. Það er margt nýtt sem maður er búinn að sjá í þessum bransa“, segir Skúli sem hefur nú tekið til við smíði bátsins en hann var á sjó frá byrjun nóvember og fram í endaðan janúar í síðustu lotu. – thelma@bb.is



„Sumarhúsið“ góða sem siglt verður á um heimsins höf.



20% afsláttur
2.477 kr/kg
 Verð áður 3.096 kr/kg
 Lambainnanlæri úr kjötborði*

Úrval af helgartilboðum

Fjöldi annarra girnilegra tilboða sem gilda 8. mars - 11. mars

1.361 kr/kg
 Verð áður 1.945 kr/kg
30% afsláttur

 Lambalæri sitrónukryddað

440 kr/kg
 Verð áður 629 kr/kg
30% afsláttur

 Kindabjúgu

35% afsláttur

 Matfugl kjúklingalæri og vængir

554 kr/kg
 Verð áður 738 kr/kg
25% afsláttur
 Lifrapylsa

79 kr
 Verð áður 119 kr
 Svali 250 ml. 3 í pakka

299 kr
 Verð áður 421 kr
 Kellogg's Just Right 500 gr.

79 kr
 Verð áður 149 kr
 Pepsi max og Pepsi 1 ltr.
149 kr
 Verð áður 205 kr
 Nóa Kropp

399 kr
 Verð áður 499 kr
 Nivea body summer beauty 250 ml.

198 kr/kg
 Verð áður 360 kr/kg
45% afsláttur

 Buffalo vængir

Samkaup **úrval**

Sólrishátíð MÍ var sett á föstudag

Sólrishátíð Menntaskólans á Ísafirði var sett í kulda og trekki á föstudag, en menntskælingar létu það ekki á sig fá. Þau hófu leikinn á því að ganga fylktu liði frá skólanum og niður á Silfurtorg þar sem hátíðin var sett í 33. sinn. Mikill hugur var í nemendum fyrir hátíðinni að sögn Gunnars Atla Gunnarssonar menningarvita, en meðal þess sem dreif svo á hinn fyrsta dag Sólrísu var frumsýning á Lísu í Undralandi, leikriti hátíðarinnar í ár. Uppselt var á sýninguna, sem er surrealísk útgáfa af sögunni um Lísu sem flestir Íslendingar lesa einhvern tímann á lífsleiðinni.



Ritstjórnargrein

Ráðherra leggi spilin á borðið

Pótt endurtekningar kunni að vera leiðgjarnar geta þær átt rétt á sér. Ekki er nema hálfur mánuður síðan við fjölluðum um samgönguáætlun Sturlu Böðvarssonar, samgönguráðherra, sem hann hafði þá nýverið kynnt hér vestra. Af því tilefni flögguðu Bolvíkingar sem aldrei fyrr og allir sem blaðið hefur haft spurnir af samfögnuðu. Þá sögðum við m.a.: Eitt af því sem hvað mest hefur borið á í gagnrýni á samgönguáætlunina eru efasemdir um ávinninginn af jarðgöngum milli Dýrafjarðar og Arnarfjarðar, sem ætlunin er að bora á árunum 2011 til 2014, meðan fátt eða ekkert er vitað um framhaldið þ.e. með hvaða hætti eða hvenær verður ráðist á viðamesta og erfiðasta þröskuldinn á leiðinni milli fyrirhugaðs byggðakjarna á Vestfjörðum og suðursvæðisins, Dynjandisheiði.

Ekki fer á milli mála að á þeim stutta tíma síðan samgönguáætlunin var lögð fram hefur BB orðið vart við vaxandi gagnrýni á tímasetningu ganga undir Hrafnseyrarheiði vegna þess að menn telja að mörg verkefni séu mun brýnni. Menn spyrja sömu spurningar og BB gerði: Hvaða ávinningi skila göngin á meðan vegurinn yfir Dynjandisheiði er eins og hann er, sumarvegur í besta falli? Er réttlætlanlegt að koma á heilsársvegi milli Ísafjarðar og Mjólkar með jarðgöngum undir Hrafnseyrarheiði á meðan íbúar Bildudals, Patreksfjarðar og Tálknafjarðar eru jafn illa settir og áður? Kemur einhverjum til hugar að íbúar þessara staða geti beðið í aldarfjórðung eftir heilsársamgöngum til Ísafjarðarbæjar, sem stjórnvöld hafa margsinnis heitið að efla sem byggða- og þjónustukjarna á Vestfjörðum, en látið þar við sitja? Nei! Áreiðanlega engum. Íbúar þessara staða eru nauðbeygðir að leita annarra leiða. Göng undir Hrafnseyrarheiði koma þeim ekki að gagni fyrr en búíð er að greiða úr þeim vanda sem Dynjandisheiðin er.

Í tilvitnuðum leiðara kváðum við nausynlegt að samgönguráðherra gerði grein fyrir ákvörðun sinni að forgangsraða göngum undir Hrafnseyrarheiði meðan fjöldi annarra brýnna verkefna innan fjórðungsins sitja á hakanum. Nú skal skarpar kveðið að orði. Þess er krafist að samgönguráðherra leggi spilin á borðið, rökstyðji ákvörðun sína. BB hefur í gegnum árin margsinnis krafist svara frá ráðamönnum, ekki síst þeirra er tekið hafa að sér að gæta hagsmuna Vestfirðinga og ítrekað leitað eftir svörum hins opinbera við samþykktum Fjórðungsambandsins svo dæmi séu tekin. Í flestum tilfellum hafa viðkomendur ekki fundið þörf hjá sér til svara. Að öryndu verður ekki trúað að svo verði að þessu sinni.

Hafi stjórnvöld áttað sig á mikilvægi þess að sveitarfélögin þrjú við Djúp sameinist og hver sé forsenda þess væri gott ef samgönguráðherra viki að því í svari sínu.

— s.h.

Á þessum degi fyrir 33 árum

Bretarnir afskiptalausir á bannsvæði

„Mikillar óánægju gæti nú hjá skipstjórum á íslenskum togurum, sem verið hafa að veiðum í Víkurál, út af Vestfjörðum undanfarna daga. Sjávarútvegsráðuneytið hefur með reglugerð gert ákveðið veiðisvæði í Víkurálnum að línu- og netasvæði, og þar með bannað togurum veiðar þar, en þetta er svæði, sem togarnir hafa stundað veiðar á um áratuga skeiða. Hins vegar hafa breskir togarar verið að veiðum á þessu svæði, án afskipta varðskipa. Ragnar Franzson skipstjóri á skutogaranum Dagstjórnunni KE, sagði í talstöðvarsamtali við Mbl. um þetta mál að skipherra á varðskipi hefði sagt íslensku skipstjórunum, að þeir yrðu teknir, ef þeir færu með skip sín inn á svæðið, en hins vegar yrðu breskir togarar ekki teknir, þótt þeir veiddu á þessu svæði. Ragnar sagði m.a. í samtalinu við Mbl.: Það er almenn óánægja togaraskipstjóra hér út af þessum málum. Þröstur Sigtryggsson skipherra hefur sagt við Sigurjón Stefánsson, skipstjóra á Ingólfi Arnarsyni, að varðskipið myndi taka okkur, ef við færum inn á svæðið, því það væri ótvírætt brot á landhelgislögun, en hins vegar gæti varðskipið ekki tekið Bretana.“



Fjarðarstræti á Ísafirði er fjölmennasta gata Vestfjarða. Ljós: Grétar Sigurðsson.

Fjölmennasta gata Vestfjarða á Ísafirði

Fjölmennasta gata Vestfjarða er á Ísafirði að því er fram kemur í yfirliti Hagstofunnar um íbúafjölda við einstakar götur. Það er gatan Fjarðarstræti, en við hana búa 225 manns, 113 konur og 112 karlar. Fámennustu göturnar á Ísafirði eru Skólagata og Suðurtangi, en við hvora götuna búa þrjú einstaklingar. Næst fjölmennasta gatan á Vestfjörðum er Aðalstræti á Patreksfirði, en þar búa 188

manns, 81 kona og 107 karlar. Fámennasta gatan á Patreksfirði er Hlíðarvegur, en þar búa tveir.

83 búa við fjölmennustu götuna í Bolungarvík, Völusteinsstræti, en þar af eru 45 konur og 38 karlar. Fámennustu göturnar í Víkinni eru Grundarstígur og Kirkjuvegur en við hvora eru tveir íbúar. 39 konur og 44 karlar búa við fjölmennustu götuna í Súðavík, Holtagötu, samtals búa

þar því 83 einstaklingar. Fæstir búa við Víkurgötu í Súðavík, en þar býr aðeins einn.

Á Þingeyri er Brekkugata fjölmennust, með 84 íbúa, 46 konur og 38 karla. Við fámennustu götu bæjarins, Hafnarstræti, búa fimm manns. Flestir búa við Hjallaveg á Flateyri, eða 47 manns, þar af eru 19 konur og 28 karlar. Aðeins einn býr við Tjarnargötu, er hún því gatna fámennust á Flateyri. Á Suðureyri

búa flestir við Túngötu, eða 59 manns, þar af eru 24 konur og 35 karlar. Tvær götur eru fámennastar á Suðureyri, Stefnisgata og Freyjugata, en við hvora býr aðeins einn einstaklingur.

Flestir búa við Móatún á Tálknafirði, eða 78 manns, þar af eru 33 konur og 45 karlar. Fæstir búa við Bugatún, eða fimm. Á Hólmavík er Lækjarjurt fjölmennasta gatan, með 59 íbúa, 27 konur, 32 karla.

Hróður óbeislaðrar fegurðar berst út fyrir landsteinana

Fegurðarsamkeppni í óbeislaðri fegurð sem haldin verður á Ísafirði í apríl hefur vakið mikla athygli. Ekki eingöngu hafa allflestir helstu fjölmiðlar á Íslandi fjallað um keppnina heldur birtist í síðustu viku grein á fréttavef AFP um keppnina. AFP er alþjóðleg fréttastofa með höfuðstöðvar í Frakklandi, en útibú víðs-

vegar um heiminn. Fréttastofan er ein sú elsta í heimi en hún var stofnuð árið 1835.

Þar er spjallað við Matthildi Helgadóttur, einn aðstandanda keppinnar, og segir hún meðal annars að hver sem er geti gert sínar reglur um fegurð og aðstandendur vilji breyta þeim reglum sem fyrir eru, einnig segir hún tilviljun

eina ráða hvort konur séu með stór brjóst eður ei. Ekki er upp talinn áhugi erlendra fjölmiðla á keppninni því fréttastofa BBC í Bretlandi tók einnig útvarpsviðtal við Matthildi. „Við áttum vitaskuld ekki von á því að keppnin fengi slíka athygli í það minnst ekki hjá erlendu pressunni en þetta styrkir okkur enn

meira í þeirri trú að fegurðarbransinn sé kominn á villigötur og sé í raun skaðlegur“ segir Matthildur.

Verið er að gera heimasíðu fyrir keppnina þar sem áhugasamir geta fylgst með framvindu mála. Allur ágóði af keppninni mun renna til Sólstaða Vestfjarða sem eru systursamtök Stígamóta.

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólögötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 · **Ritstjóri:** Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is · **Blaðamenn:** Eiríkur Örn Norðdahl, símar 456 4694 og 845 2685 [eiririkur@bb.is](mailto:eirikur@bb.is) – Thelma Hjaltadóttir, símar 456 4693 og 849 8699, thelma@bb.is – Anna Sigríður Ólafsdóttir, símar 456 4680 og 860 6062, annska@bb.is · Tinna Ólafsdóttir, sími 868 5963, tinna@bb.is · **Ritstjóri netútgáfu bb.is:** Sigurjón J. Sigurðsson · **Ljósmyndari:** Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is · **Ábyrgðarmenn:** Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasöluverð er kr. 300 eintakið með vsk. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti. · **Önnur útgáfa:** Ferðablaðið Á ferð um Vestfirði. · ISSN 1670 - 021X



Nú erum við kát!

intrum  **justitia**

PACTA
MALTFRIDINGUR & AÐRIR


Lögheimtan


**FASTEIGNASALA
VESTFJARÐA**

Á síðasta ári var skrifstofa Intrum opnuð á Ísafirði og hefur hún fengið mjög góðar viðtökur.

Nú flytjum við í nýtt og glæsilegt húsnæði að Hafnarstræti 19. Á skrifstofunni bjóða Intrum,

Lögmannsstofan Pacta, Lögheimtan og Fasteignasala Vestfjarða viðskiptavinum á Vestfjörðum

alhliða innheimtu-, fasteigna- og lögmannsþjónustu.

intrum  **justitia**

VIÐ KOMUM HREYFINGU Á PENINGANA

Hafnarstræti 19 | Ísafirði | Sími 440 7340 | Fax 440 7001 | www.intrum.is

Greiðsluhlutfall hækkar

Ráðgjafanefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga samþykkti á dögnum að leggja til að greiðsluhlutfall sjóðsins vegna greiðslu sveitarfélaga á húsaleigubótum á árinu 2006 væri hækkað úr 40,5 prósentum í 54,8 prósent. Félagsmálaráðherra hefur nú samþykkt tillögu ráðgjafarnefndar og hefur greiðsla vegna þessa nú þegar verið innt af hendi til sveitarfélaganna. Endanleg framlög Jöfnunarsjóðs vegna greiðslu sveitarfélaga á húsaleigubótum má sjá inn á heildaryfirliti yfir framlög sjóðsins á árinu 2006, á heimasíðu félagsmálaráðuneytisins.

Sæfari opnar heimasíðu

Sæfari, félag áhugamanna um sjósport á Ísafirði, opnaði heimasíðu sína í dag. Á heimasíðunni verður t.d. hægt að nálgast fréttir og upplýsingar um félagið, skoða myndir af starfi og úr ferðum félaga og skiptast af upplýsingum og ráðum. Um 250 manns eru skráðir í Sæfara en félagið samanstendur af kayak-, segibáta og sportbátaunnendum á öllum aldri.



Bolungarvík.

Flest fiskiskip skráð í Bolungarvík

Af þeim 302 fiskiskipum sem skráð voru á Vestfjörðum um síðustu áramót voru flest

skráð í Bolungarvík eða 41. Næstflest voru skráð á Patreksfirði, eða 32, á Ísafirði voru

skráð 30 fiskiskip, í Súðavík 26, á Tálknafirði 24, 21 á Suðureyri, 20 á Drangnesi, 18 á

Bildudal, 14 á Þingeyri, 13 á Hólmavík, 12 á Flateyri, 7 á Brjánslæk, 6 á Reykhólum, 5

á Barðaströnd og 2 í Hnífsdal. Þá voru alls 31 fiskiskip skráð í aðrar hafnir á Vestfjörðum.

á Brjánslæk, 3 á Flateyri og jafn margir á Hólmavík, enginn í Hnífsdal en 26 í öðrum höfnum á Vestfjörðum.

Eins og sagt hefur verið frá voru skráðir sjö togarar á Vestfjörðum í lok síðasta árs, samkvæmt nýjustu tölum Hagstofu Íslands. Þar af voru fjórir skráðir á Ísafirði, einn á Patreksfirði, einn á Bildudal og einn í Hnífsdal. Alls voru skráðir 142 opnir fiskibátar. Þar af voru 17 skráðir í Bolungarvík, 14 á Patreksfirði, 13 í Súðavík, 12 á Tálknafirði, 11 á Drangnesi, 10 á Ísafirði, 8 á Suðureyri, 7 á Bildudal, 6 á Þingeyri, 4 á Reykhólum og jafn margir á Barðaströnd og

Þá voru vélskipin 153 talsins. Flest voru skráð í Bolungarvík, eða 24 talsins, 17 voru skráð á Patreksfirði, 16 á Ísafirði, 13 í Súðavík og jafn mörg á Suðureyri, 12 voru skráð á Tálknafirði, 10 á Hólmavík og jafnmörg á Bildudal, 9 á Drangnesi og jafn mörg á Flateyri, 8 á Þingeyri, 3 á Brjánslæk, 2 á Reykhólum, 1 á Barðaströnd og eitt í Hnífsdal. Þá eru 5 vélskip skráð í öðrum höfnum á Vestfjörðum. – eirikur@bb.is

Sýknaður af ákæru um líkamsárás

Karlmaður hefur verið sýknaður fyrir Héraðsdómi Vestfjarða af ákæru um líkamsárás. Var manningum gert það að sök að hafa í desember 2004, slegið annan karlmann á heimili hans í miðbæ Ísafjarðar, nokkur hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum að hann

nefbrotnaði. Læknir staðfesti að viðkomandi væri nefbrotinn og þurfti maðurinn að vitja lækni í Reykjavík til að rétta brotið af.

Skýrsla var tekin af ákærða vegna málsins hjá lögreglu í byrjun nóvember 2005 og neitaði hann alfarið að hafa valdið áverkum mannsins.

Þótti framburður ákærða og konu sem var í för með honum umrædda nótt trúverðugari en framburður þess sem ráðist var á og manns sem var húsgestur hjá honum og varð vitni að atburðinum. Var því ákærði sýknaður af kröfum ákærvaldsins í málinu og bótakröfu að fjárhæð 391.735 krónur

vísad frá dómi.

Allur kostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun Hilmarars Ingimundarsonar hrl., 60.258 krónur, og málsvarnarlaun Sveins Andra Sveinssonar hrl., 272.904 krónur.

– annska@bb.is

STAKKUR SKRIFAR

Margt er í boði

Stutt er til alþingiskosninga, rúmir tveir mánuðir. Nóg verður um að velja ef fram fer sem horfir. Margir spá falli ríkisstjórnar, aðrir vonast til þess að stjórnarandstaðan nú myndi næstu ríkisstjórn. Svo kynni að fara, en margt annað gæti orðið uppi á teningnum. Ýmislegt mun gerast á næstu mánuðum og framboð aldraðra og öryrkja, fremur tvö en eitt, breyta einhverju. Framboð Ómars Ragnarssonar, Margrétar Sværissdóttur og Jakobs Frimanns Magnússonar getur sett strík í reikninginn. Gert er ráð fyrir því að öll þessi framboð komi fram meðan annað liggur ekki fyrir.

Þá vaknar spurningin hvaðan kemur fylgið. Framsóknarflokkur hefur átt undir högg að sækja í skoðanakönnunum. Sama er um Samfylkingu. Vinstri grænir eru á miklu skriði meðal annars gegn klámi og í baráttu fyrir löggæslu á netinu. Umhverfismál virðast njóta mikils fylgis. Það er gott. Nauðsynlegt er að muna eftir því að audlindir Íslendinga þarf að nýta skynsamlega þjóðinni til framdráttar. Verði það ekki gert eru líkur á því að lífskjör versni. Það þarf að þræða mjótt einstigi milli skynsamlegrar nýtingar og þess að ekki verði gengið of nærri náttúru Íslands. Það er vandi loforðaglaðra stjórnmalamanna.

Nú virðast margir telja að nóg sé að gert. Verði virkjanir stöðvaðar, hvert á þá að leita lífsgæða. Er betra að fá eina milljón ferðamanna til landsins og sleppa þeim lausum í náttúrunni? Dugar okkur hugvitið eitt til þess að halda

uppi þeim lífskjörum sem nú er náð og enginn vill gefa eftir. Myndu kjósendur þyrpast til að kjósa flokk sem boðar stefnu og viðurkennir að hún kunnir að hafa í för með sér skert lífskjör?

Vandinn kann að virðast lítill meðan allir una sáttir við sitt. Svo er reyndar ekki. Aldraðir og öryrkjar telja sig bera skarðan hlut frá borði. Rannsóknir vísindamanna eru sitt á hvað, að minnsta kosti niðurstöðurnar þegar að því kemur að meta hver skerðingin sé. Sumir telja að hún sé engin meðan aðrir vilja meina að hún sé mikil. Engin ein aðferð er betri til fölsunar að mati margra en að beita fyrir sig tölum. Oft hefur ýmsu verið lofað um tíðina, en erfiðar gengið að efna þegar á hólminn var komið. Það eru því spennandi tímar fram undan.

En hver ætla að leysa vanda Norðvesturkjördæmis. Íbúum fækkar og nú er svo komið að allir íbúar Vestfjarða ná ekki sjö og hálfu þúsundi. Á sama tíma er ríflega tuttugu manna vinnustaður á Ísafirði í uppnámi. Þar var unnið af hugviti og er reyndar enn, þótt ekki dugi það til framhaldslífs þessarar vinnustöðavar Marels. Að loka þeim vinnustað er dapurlegt, en hvorki ný né gömul saga. Við viljum hins vegar fá að heyra nýja sögu þegar kemur að viðbrögðum, því hvað verður gert og hvernig. Sennilega eru stjórnmalamenn of uppteknir af því að búa til ný framboð til að leiða hugann að þessu.

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Gjaldskrár lækkrar í mötuneytum

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að lækka gjaldskrár vegna matarkostnaðar í leikskólum og mötuneytum grunnskóla. Með þessu vill bærinn fylgja eftir verðlækkunum á matvöru, sem varð við lækkun virðisaukaskatts 1. mars. Tillagan sem var samþykkt er svohljóðandi: „Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkir að lækka gjaldskrár vegna matarkostnaðar í leikskólum og mötuneytum grunnskóla í samræmi við lækkun matvöruverðs 1. mars 2007. Samningur við verkataka vegna mötuneytis Grunnskólans á Ísafirði, Hlífar og leikskólans Bakkaskjólans verði tekinn til endurskoðunar til lækkunar á gjaldskrá.“



Vilja að stofnaður verði þverfaglegur vinnuhópur um eflingu Ísafjarðarhafna

Atvinnuámalanefnd Ísafjarðarbæjar hefur lagt til að stofnaður verði þverfaglegur vinnuhópur í samvinnu við hafnarstjórn, til að vinna að tillögu bæjarstjórnar um aukin umsvif í þjónustu Ísafjarðarhafna, en bæjarstjórn hafði lagt til að verkið yrði unnið í samstarfi atvinnuámalanefndar og hafnarstjórnar.

Meðal þess sem fram kom í tillögu Í-listans í þessu máli

var að skoðaðir yrðu möguleikar á að styrkja og efla Ísafjarðarhöfn sem þjónustumiðstöð fyrir Austur-Grænland, og að kanna ætti möguleika á að umskipunarhöfn fyrir siglingar í norðurhöfum verði staðsett á Vestfjörðum. Tillaga Í-listans var samþykkt samhljóða en í október lýstu bæjarfulltrúar flokksins yfir áhyggjum af erfiðri fjárhagsstöðu Ísafjarðarhafna.

Í upphaflegri tillögu Í-listans var gert ráð fyrir að starfshópur færi með málið en Gísli Halldór Halldórsson, bæjarfulltrúi og forseti bæjarstjórnar, kom með breytingartillögu við tillögu Í-listans þess efnis að í stað þess að stofnaður yrði starfshópur samþykkti bæjarstjórn að fela atvinnuámalanefnd að vinna að málinu í samvinnu við hafnarstjórn, og var það samþykkt.



Ísafjarðarhöfn.

Tveimur starfsmönnum Símanans á Ísafirði sagt upp störfum

Tveimur starfsmönnum Símanans á Ísafirði hefur verið sagt upp störfum. Ástæðan er sögð verkefnaskortur, en mennirnir voru í sex manna hópi sem sá meðal annars um jarðvegsvinnu og lagningu strengja. Að sögn upplýsingafulltrúa Símanans hefur uppbygging á staðnum dregist saman og því þörf á að aðlaga deildina verkefnum sem fyrir liggja.

Eftir uppsagnirnar er enginn

yfirmaður tæknipjónustunnar staðsettur á Vestfjörðum, og er ætluin að þjónustunni verði stýrt frá Reykjavík. Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á starfsliði Símanans frá árinu 2002 þegar tveimur starfsmönnum var sagt upp. Ári seinna var þremur starfsmönnum sagt upp. Árið 2005 var einum starfsmanni sagt upp og einn starfsmaður hætti án þess að annar væri ráðinn í

hans starf. Nú hafa línumaður með 15 ára starfsreynslu og verkstjóri með 22 ára starfsaldur bæst í hópin. Þess má geta að þeim starfsmönnum sem sagt var upp var boðin verkamannavinna hjá Símanum í Reykjavík. Í flestum tilfellum er ástæða uppsagnanna sögð vera vegna fækkunar á verkefnum á svæðinu. Í því samhengi er rétt að það komi fram að oftast er ekki hefur

samdráttur á verkefnum stafað af skipulagsbreytingum hjá Símanum. Sú ákvörðun var t.d. tekin að tæknimenn Símanans sinntu ekki lengur innan húsvinnu hjá viðskiptavinum, sem felst í viðgerðum á símalögnum innanhúss og uppsetningu á interneti og ADSL tengingum.

Skemmst er að minnast

uppsögn fimm kvenna sem unnu í starfsstöð 118 á Ísafirði, á síðasta ári. Einnig hefur starfsmönnum Símanans á Patreksfirði fækkað um tvo frá árinu 2002. Jafnframt var þeim einu starfsmanni sem þá var eftir á því svæði sagt upp störfum á síðasta ári en uppsögnin seinna dregin til baka. Starfsmönnum á tæknisviði

Símanans á Vestfjörðum hefur fækkað úr þrettán, síðla árs 2002, í þá fjóra sem nú eru starfandi eftir uppsagnirnar. Nú starfa hjá Símanum þrjú tæknimenn á línudeildinni á Ísafirði og einn á Patreksfirði, þrjú starfsmenn í verslun Símanans á Ísafirði og tveir starfsmenn í hlutastarfi við ræstingar. — *thelma@bb.is*

„Ýmsir byrjunarörðugleikar fylgja landsskrá fasteigna“

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, segir að reikna megi með ýmsum byrjunarörðugleikum er kemur að álagningu fasteignagjalda sem nú eru lögð á með samræmdum hætti um allt land í fyrsta sinn. Þetta segir hann á bloggi

sínu í kjölfar fréttar sem birtist í BB um að fasteignagjald á hesthúsi í Dýrafirði, sem nú er flokkað sem atvinnuhúsnæði, hafi hækkað um 22% á milli ára á sama tíma og fasteignamat hefur lækkað. „Landsskrá fasteigna er

orðin að veruleika og ýmsir byrjunarörðugleikar fylgja því. Í sumum tilfellum verðum við að breyta flokkun fasteigna en í öðrum tilfellum verðum við að fara eftir því sem samræmd flokkun ákveður“, segir Halldór. — *thelma@bb.is*

Aflaaukning á Flateyri, Suðureyri og í Bolungarvík

Nokkur munur er á heildarafla línubáta á krókaaflamark í fiskveiðiárunum 2001-2002 annars vegar og 2005-2006 hins vegar. Aflinn hefur aukist töluvert á Flateyri, Suðureyri og í Bolungarvík. Á Flateyri fór aflinn úr 2.461.805 kg í 3.324.

590 kg, á Suðureyri fór aflinn úr 2.113.291 kg í 2.950.407 kg og í Bolungarvík úr 3.814.437 kg í 5.082.280 kg.

Hins vegar hefur aflinn minnkað á Ísafirði, úr 1.588.309 kg í 1.398.886 kg, og á Þingeyri hefur aflinn minnkað töluvert, eða úr 238.259 kg í

58.652 kg. Þetta kemur fram í svari sjávarútvegsráðherra, Einars Kristins Guðfinnssonar, við fyrirspurn Guðjóns Hjörleifssonar á Alþingi, um heildarafla línubáta á krókaaflamark í fiskveiðiárinum 2001-2002 annars vegar og 2005-006 hinsvegar.



Formannskjör

Verkalýðsfélag Vestfirðinga auglýsir hér með kosningu í formannskjöri félagsins fyrir árið 2007 til 2008.

Í framboði eru:

1. Finnboogi Sveinbjörnsson af hálfu stjórnar og trúnaðarmannaráðs.
2. Helgi Ólafsson sem býður sig fram með stuðningi tilskilins fjölda félagsmanna.

Kjörgögn verða send út eigi síðar en 14. mars nk. og atkvæði skulu hafa borist kjörstjórn í síðasta lagi miðvikudaginn 28. mars 2007.

Kjörstjórn:

Magnús Norðdahl, formaður,
Finnur Magnússon,
Pétur Sigurðsson.

„Mér finnst ég bara vera algjör Ísfirðingur þó ég sé nú ekki héðan upprunalega. Ég fékk til að byrja með mjög gjarnan þá spurningu, hvort það væri einhver kona sem héldi svona í mig hérna fyrir vestan og alltaf var fólk jafn hissa á því að mig bara langaði að vera hérna. Síðan seinna meir kviknaði ástin sem svo gerði þetta á endanum að ástarsögu líka.“

Ævintýramaðurinn Eyjó

Eyjólfur Ari Bjarnason er fæddur og uppalinn á höfuðborgarsvæðinu, nánar tiltekið í Garðabæ. Hann segir ávallt hafa blundað í sér þá þrá að búa úti á landi og hafi verið sem hann hafi átt að fæðast út í sveit en ekki á mölinni. Hann byrjaði í Hjálparsevit Skáta í Garðabæ þegar hann var 17 ára og þá má segja að tengsl hafi í raun komist á við náttúruna í ferðalögum út fyrir bæinn. Leið Eyjó eins og hann er kallaður lá til Ísafjarðar fyrir 4 árum síðan er hann hóf störf hjá Póls fyrir tilviljanakennda ástæðu. Eyjó er í sambúð á Ísafirði með Sunnevu Sigurðardóttur og vinnur hann nú hjá verktakafyrirtækinu KNH við landmælingar sem hafa heillað svo mikið að hann hyggur á nám í fræðunum í haust. Eyjó hefur flakkað heimshornanna á milli, en hann segir sig meiri Ísfirðing en nokkuð annað. Bláðakona Bæjarins besta hitti Eyjó yfir hádegisverði og fræddist um bakgrunn þessa mikla ævintýramanns.

– Nú ert þú borgarbarinn í húð og hár, hvernig stendur á því að þú endaðir á Ísafirði?

„Um leið og ég sá borgarmörkin þjótta framhjá leið mér alltaf betur. Fólk fór þá að spyrja mig af hverju ég flytti ekki bara út á land. En það er nú bara svo að maður flytur ekki bara til að flytja það verður að vera einhver grundvöllur. Stefnan var þá sett austur eða eitthvað suður á bóginn.“

– Hvað með Vestfirði? „Ég hafði einu sinni komið vestur og það var við björgunarsveitarstörf eftir snjóflóðið í Súðavík. Ég hafði ekki komið til Ísafjarðar einu sinni, nema á flugvöllinn.“

– Þannig að það er óhætt að segja að fyrstu kynni af svæðinu hafi verið erfið?

„Já það má í raun segja það. En það er svo skýtið að enda svo á stað þar sem engin tenging var fyrir og kannski sá landshluti sem ég vissi minnst um.“

– Þú settir þó ekki stefnuna hingað á þessum tímamarki?

„Nei. Það var ekki fyrir en 2003, en þá hafði ég útskrifast úr rafeindavirkjun og var að vinna í tölvugeiranum. Ég var samt alltaf að leita í kringum mig að einhverju öðru. Ég klippti auglýsingu um starf sem mér leist vel á hjá fyrirtæki í Reykjavík út úr einhverju dagblaðanna og tók með mér heim. Ég sendi fyrirtækinu tölvupóst í snatri og kiki hinu megin á auglýsinguna, svona bara til að sjá hverju ég var að henda, en þar var atvinnuauklýsing frá Póls á Ísafirði og ég hafði klippt hana út í leiðinni. Mér fannst sú auglýsing miklu meira spennandi en sú sem ég hafði verið að svara og sendi þeim póst. Svólitlu síðar hringdi Þór

Harðar í mig og spurði hvort ég vildi hitta hann, en þá hafði ég hafði störf hjá fyrnefnda fyrirtækinu. Nema hvað að hann bauð mér stöðuna sem ég hafði sóst eftir og tveimur vikum síðar hóf ég störf hjá Póls.“

– Þú kemur þá hingað á þeim forsendum að ætla að vera? „Já það var strax meiningin. Það tóku allir svo vel á móti mér þegar ég kom og mér fannst ég strax vera hluti af þessu samfélagi. Allir vinnufélagarnir hjá Póls voru alveg frábærir, hvort sem um var að ræða fullorðna menn eða stráka á mínum aldri.“

Á framandi slóðum

– Það voru töluverð ferðalög í kringum vinnuna, ekki rétt? „Jú. Ég var bara búin að vinna hjá fyrirtækinu í fjóra mánuði þegar ég fór fyrstu vinnuferðina mína til Þýskalands. Síðan fór ég fljótlega eftir það til Ameríku.“

– Hvað varstu að gera í þessum ferðum?

„Ég var að mestu að gera við og síðan að setja upp. Þetta var til að byrja með ferlega erfitt, því ég vissi til að mynda ekkert um flokkara. Maður var bara alveg í djúpu lauginni þarna. Ég spurði því yfirleitt strax að því hvernig þeir væru að gera þetta sem voru að stjórna vélunum úti og notaði svo bara „common sense“ til að finna út hvað þeir gætu mögulega verið að gera vitlaust. Þetta var alveg spurning um að halda andlitinu til að byrja með, það kostaði fyrirtækin einhverja þúsund dollara á dag að fá mig – þannig að það var enginn þrýstingur,“ segir Eyjó, í gamansömum tón og hlær við.

„Það kom kannski í svona eins og 30.000 fetum á leiðinni á staðinn að ég fann fyrir pressunni.“

– Sviðskrekkur þá?

„Já einmitt eins og sviðskrekkur og síðan kom ég á staðinn og lék mitt hlutverk. En þetta gekk alltaf mjög vel. Síðast fór ég til Uganda í Afríku. Þar var ég að setja upp vinnslulínu og var þar í mánaðartíma.“

– Þú hefur væntanlega náð að fá að upplifa samfélagið þar aðeins á þeim tíma?

„Ég náði að fara aðeins inn í þorpin og smakka matinn og svona. Þetta var alveg ótrúlega skemmtileg reynsla. Ég raftaði líka niður Níl á meðan ég var þarna. Ég var reyndar nærri drukknður – en það var geðveikt gaman. Ég sálbrann alveg svakalega og fólkið þarna vissi bara ekkert hvað væri að ske, héldu bara að ég væri svona rauður á litinn. Ég fór til hjúkrunarkonu sem vissi ekkert hvað væri að mér, en komst svo að þeirri niðurstöðu að ég væri með ofnæmi fyrir sól. Þetta minnti mig á atriði úr The search for the holy grail. Ég reyndi að malda í móinn og segja að ég væri ekki með ofnæmi fyrir sólinni, en hún gaf sig ekki. Það var ekki eins og hún hefði einhvern tíman á ævinni sálbrunnið.“

– Hvað fórstu til margra staða á vegum vinnunnar?

„Ég er hreinlega ekki alveg viss. En meðal þeirra staða sem ég heimsótti voru Tæland, Noregur, Bretland, auk þeirra staða sem ég var búinn að nefna. Síðan fór ég einu sinni að vinna í togara sem var á veiðum á milli Nýfundalands og Grænlands. Allar vélar þarna um borð voru smíð-



Eyjólfur Ari ásamt unnustu sinni Sunnevu Sigurðardóttur.

aðar af Íslendingum. Það var einmitt Ísfirðingur, Sigurður Jónsson (Búbbi) sem sá um útgerðina og hann kom að sækja mig á flugvöllinn og skutlaði mér um borð. Þetta var ævintýri.“

– Hvernig var svo Tæland?

„Ég var þar í þrjá mánuði, sem var frekar óvenjulegt að vera svo lengi á sama stað. En það var erfið og flókin uppsetning sem ég var að fást við þar. Ég byrjaði á því að fá samstarfsmenn mína þarna úti til að kenna mér svona helstu varara orðin sem þeir notuðu, svona eins og blótsyrði. Þannig að ef ég heyrði eitthvað af þeim orðum í sambandi við tækin, þá vissi ég að það var ekki gott. Eða ef ég heyrði nafnið mitt og svo eitthvert þessara orða þá vissi ég líka að eitthvað var í gangi.“

– Náðirðu eitthvað að ferðast og skoða þig um?

„Það var nú yfirleitt þannig að ef ég var í vinnuferð, þá var ég að vinna. En þegar ég var búinn með verkefnið mín, þá fór ég í fjóra daga niður á Pattaya. Mér fannst það alveg hræðilegt. Ég var einn og þarna veður allt í vandi sem ég var ekki að leita eftir. Það var til dæmis ekki hægt að ganga þarna um götur án þess að verða fyrir miklu áreiti. Það var ekki fríð sem mig langaði í og ég fer ekki þangað aftur. Annars eins og ég segi ein-kennindust vinnuferðir af vinnu og fjarveru frá heimahögunum.“

– Bara eins og sjómennska?

„Já heilmikið. Annars var þessa líka mjög skemmtilegt, að fá að kynnast fólki alls stað-

ar að og mismunandi vinnubrögðum. Þetta var mjög „intensívur“ og þroskandi skóli. Það voru alls staðar verkefni að fást við og það var auðvitað þannig að maður fór ekki frá verkunum hálf kláruðum, þannig að ég lærði heilmikið um það að klára hlutina og finna lausnir.“

– Þú hefur ekkert hugsað þér að finna vinnu í einhverju þessara landa?

„Í annarri ferðinni minni til Ameríku var ég sendur til að gera við einhverja vél sem var ekki að virka eins og hún átti að gera. Það tók enga stund að finna lausnina á vandanum þar til vélin var komin í swinging gang á nýjan leik. Þeir hugsuðu sér gott til glóðarinnar þarna, þar sem ég var nú á staðnum og vildu endilega fá mig til að gera við prentara sem prentaði bara einhverja vitleysu ef önnur tæki í húsinu voru í gangi. Þeir voru í raun búnir að prófa allt sem mér gat dottið í hug. Ég ákvað þó að kíkja á vélina og breytti í henni einni tengingu á jarðtengingunni í prentaraboxinu. Ég fer með límmiða úr prentaranum til eins yfirmannsins þarna og spyr hvort hann eigi að prenta út á þessa leið, sem var málið. Það tók líðið smá tíma að átta sig á því að ég hefði í raun gert við tækið. Mér stóðu þarna öll fríðindi fyrirtækisins til boða og þeir vildu endilega að ég kæmi að vinna fyrir þá. Mér var boðin vinna á nokkrum stöðum til að mynda í Danmörku og Noregi. Vinnan var full af litlum sigrum sem gerðu hana svo skemmtilega.“

Nýr vettvangur

– Þú ert búinn að söðla um „Já ég byrjaði hjá KNH í maí í fyrra.“

– Ég get mér til um að það sé líka töluverð „sjómennska“?

„Já, bara öðruvísi. Meira innanhúss. Ég er mikið í tölvuvinnslu. Annars hef ég verið að vinna mikið, eða um 300 tíma á mánuði.“

– Hvernig gengur þér að eiga líf með allri þessari vinnu?

„Það getur stundum verið svolítið erfitt. Ég reyndar vinn heiman frá mér núna, sem býr til aðeins meira svigrúm til þess að eiga líf.“

– Þú hefur þurft að vera töluvert á ferðinni vegna vinnunnar?

„Já, ég hef mikið verið á flakki á milli Ísafjarðar og Reykjavíkur og núna er ég til dæmis að vinna inn í Djúpi.“

Loftin blá

– Hefurðu eitthvað ferðast á eigin vegum?

„Já, ég og félagi minn fórum til að mynda til Alicante í fyrra og það var fyrsta fríð sem ég hafði tekið í mörg ár. Við förum þarna út til að fljúga svífvængjum.“

– Þú ert mikill áhugamaður um svífvængja flug.

„Það er bara sportið í dag. Í dag á ég Ozone Buzz svífvæng sem ég reyni að viðra á göðum dögum. Þegar ekki viðrar til flugferða er kraftdrekin tekinn upp í staðinn og farið að „kæta“. Þegar ekki

„Ég fór til hjúkrunarkonu sem vissi ekkert hvað væri að mér, en komst svo að þeirri niðurstöðu að ég væri með ofnæmi fyrir sól. Þetta minnti mig á atriði úr The search for the holy grail. Ég reyndi að malda í móinn og segja að ég væri ekki með ofnæmi fyrir sólinni, en hún gaf sig ekki. Það var ekki eins og hún hefði einhvern tíman á ævinni sólbrunnið.“

jólfur



er „loft aðfara“ eins og við köllum það þegar veður er ekki hagstætt, þá er myndavélin alltaf með í för.“

– Við Íslendingar höfum nú ekki séð of mikið af þessu sporti samt

„Nei, við höfum til að mynda verið 4-5 strákar hér sem höfum verið í þessu. Flestir sem eru í þessu sporti eru á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er vaxandi hópur.“

– Nú ert þú að kynna vörur í þessum flokki og selja landanum á vefsíðunni www.vindsport.is.

„Já, ég er að því. Það er þó ekki hægt að kalla það gróða fyrirtæki eða neitt þannig. Það er í mínum huga meira til þess gert að færa sportið nær okkur strákunum, því við erum að gera þetta saman og sjáum um þetta sjálfir.“

– Þarna seljið til búnað. Ertu að panta þá að utan í hverju tilfelli fyrir sig, eða ertu með einhvern lager?

„Já. Við erum aðallega að selja fyrir Ozon sem er besta umboðið. Við erum náttúrulega örlítið út úr herna á Ísafirði og þess vegna er síðan mjög góð til að vita hvað er að gerast og svona.“

– Hvað með kite surfing?
„Já ég prófaði það. Ég verð samt að segja að enn skemmtilegra er að skíða með flugdreka, það er bara hrikalega gaman.“

– Allt svona sport getur virkað frekar hættulegt í augum áhorfandans, er það svo?

„Já, þetta er frekar hættulegt sport. Maður reynir þó alltaf að hafa stjórn á aðstæðum. Þetta snýst náttúrulega allt um öryggi og að geta lesið úr aðstæðum, ef maður er ekkert að spá í það er þetta verulega hættulegt.“

– Þú hefur ekkert viljað finna þér starf þessu tengt?

„Ég ætlaði alltaf að verða flugmaður og ég er einkaflugmaður og búinn að fljúga yfir

100 tíma. Ég fór svo raunverulega að velta því fyrir mér þegar ég var alltaf að fljúga hvort þetta væri eitthvað sem ég vildi virkilega gera. Hvað myndi það skilja eftir sig hjá mér að flytja farþega frá reit A yfir á reit B. Ég komst að því að mig einfaldlega langaði ekki að vera strætóbilstjóri í háloftunum.“

Ísfirðingur með ljósmyndadelli

„Mér finnst ég bara vera algjör Ísfirðingur þó ég sé nú ekki héðan upprunalega. Ég fékk til að byrja með mjög gjarnan þá spurninguna, hvort það væri einhver kona sem héldi svona í mig herna fyrir vestan og alltaf var fólk jafn hissa á því að mig bara langaði að vera herna. Síðan seinna meir kviknaði ástin sem svo gerði þetta á endanum að ástarsögu líka.“

– Hvað með fleiri áhuga-

mál?

„Eftir að ég kom hingað fór ég að fást við ljósmyndun. Þá hafði ég loks tíma til að gera eitthvað fyrir sjálfan mig og grúska. Ég keypti mér fyrstu myndavélina mína og fór að taka myndir.“

– Hvað ertu helst að mynda?
„Ætli það sé ekki mest landslag. Ég er ekki mikið fyrir uppstillingar, ég vil frekar ná að fanga augnablikid.“

– Vinnurðu myndirnar?
„Það er óhætt að segja að Photoshop hafi verið tölvuleikurinn hjá mér síðan ég fékk mér vélin. Maður tekur kannski fullt af myndum og síðan eru fáar útdaldir sem komast í eftirvinnslu.“

– Hefurðu eitthvað sýnt?
„Já reyndar þá var ég með sýningu í Reykjavík í vetur. Ég var með 10 myndir á Næstu grösnum í tvo mánuði. Þar voru meðal annars myndir af vestfirsku landslagi eins og til að

mynda Dynjanda. Sýningin fékk mjög góð viðbrögð og vakti athygli.“

– Hvort heillar þig meira, tæknilega hliðin á ljósmyndun eða sú listræna?

„Ég er nú ekkert rosalega tæknilegur, þannig að ég held ég verði að segja sú listræna. Mynd getur bara verið ósköp venjuleg og síðan fer hún í gegnum Photoshop og getur orðið verulega flott. Það má líkja Photoshop forritinu við Exel, ef maður kann alveg helling eru möguleikarnir alveg ótæmandi.“

– Sérðu fyrir þér í upphafi myndvinnslu hvaða árangri þú vilt ná með myndina?

„Já yfirleitt geri ég það.“
– Hefurðu í hyggju að sýna hér á Ísafirði?

„Það hefur reyndar verið falast eftir því við mig. Mér hefur bara ekki fundist ég hafa haft nægilegan tíma til að vinna myndirnar. Þær verða eiginlega eins og börnin þín

og þú berð metnað fyrir þeim.“
– Hver eru framtíðaráhorfin?

„Ég var að sækja um skóla í Danmörku. Stefnan er að við Sunna södlum um í haust. Ég er að fara í nám í landmælingum og kortagerð. Mér finnst landmælingarnar mjög heillandi og í raun allt sem gefur mér kost á því að vera að skapa.“

Annars er hugmyndin bara að halda áfram hjá KNH, sem ég get gert samhliða náminu, þökk sé internetinu. Ég sé mig síðan bara koma til baka til fyrirtækisins eftir námið en það tekur tvö ár. Það er gaman að geta lagt sitt af mörkum til fyrirtækis í vexti á Ísafirði. Sunna vill líka mennta sig í ráðgjöf þarna úti, þannig þetta er allt gert með framtíðina í huga og að vinna að hag bæjarfélagsins þegar að fram líða stundir. Því í raun finnst mér ég vera meiri Ísfirðingur en nokkuð annað.“ – annska@bb.is

Góð aðsókn hjá Bubba

Tónleikar Bubba Morthens sem haldnir voru í Ísafjarðarkirkju á sunnudag heppnuðust mjög vel. Tónleikarnir voru hluti af dagskrá Sólrísu Menntaskólans á Ísafirði, en að sögn Gunnars Atla Gunnarssonar, formanns Sólrísunefndar, spilaði kóngurinn í tæpa tvo tíma fyrir um 150 tónleikagesti. Bubbi hefur ekki spilað á Ísafirði í þó nokkurn tíma og var mjög ánægður með tónleikana. Bubbi ku hafa orðið veðurtepptur í hvert sinn sem hann hefur komið til Ísafjarðar og engin breyting varð á í þetta skiptið því Bubbi lagði af stað keyrandi til Reykjavíkur um hádegi á mánudag þar sem ekki gaf til flugs þann daginn.



„Ekki á dagskrá að stofna nýja skipaútgerð ríkisins“

Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra, segir það rangt hjá Gunnari Bachman, framkvæmdastjóra Atlantskipa, að áhugi fyrir strandsiglingum við Ísland sé ekki fyrir hendi hjá stjórnvöldum. „Það voru skipafélögin sem

tóku ákvörðun um það að hætta strandsiglingum.“ Viðtal við Gunnar birtist í BB þann 22. febrúar þar sem hann fjallar um strandsiglingar til Vestfjarða. Sturla segir áherslu hins vegar hafa verið lagða á það að bæta vegi landsins og

stytta leiðir. Dæmi um það megi sjá með framkvæmdum í Djúpinu og með vegi um Arnkötuldal og fyrirhugaðri þverun fjarða á Barðaströnd. Hann segir eitt helsta málið vera að draga úr takmörkunum öxulþunga með betri vegum. Sturla segist gjarnan vilja sjá sjóflutninga sem valkost hjá flutningafyrirtækjunum og segir mikilvægt að hafnir landsins gæti að því að hafnargjöld séu hófleg svo kostnaður vegna hafnanna dragi ekki úr hagkvæmni.

Samgönguráðherra segir það vandkvæðum bundið að styrkja strandsiglingar með beinum hætti þar sem það væri í samkeppni við landflutninga. Hann segir hins vegar til skoðunar að kanna hvort það sé fær leið að koma á einhverju kerfi svipuðu því sem Gunnar ræddi í áður nefndu viðtali, þar sem íslenska ríkið gæti lagt fyrir einskona tryggingu vegna sjóflutninga. „Það er vilji fyrir því að skoða ef einhver slík leið er fær gagnvart samkeppnislögum. En skipafélögin verða að hafa frumkvæðið í þessum málum því það er ekki á dagskrá að stofna nýja skipaútgerð ríkisins“ segir Sturla.


Í síðustu viku birtist á vef

BB grein frá Grími Atlasyni þar sem hann gerir strandsiglingar að umræðuefni sínu. Þar segir Grímur meðal annars „stjórnvöld hafa keppt við að auglýsa eftirlitsstofnun EFTA (ESA) og tilskipanirnar frá Brussel þegar kemur að strandsiglingum. Með því að telja okkur trú um að þessar stofnanir banni stjórnvöldum hér á Íslandi að koma að slíkum flutningum hefur þeim tekist að koma í veg fyrir löngu tímabærar aðgerðir í þessum efnum.“ Sturla segir þessa athugasemdir bæði rangar og mjög villandi og það sé af og frá að við hér á landi séum að missa af einhverjum styrkjum. Hann segir íslenska ríkið vera þátttakanda í Marco Polo áætluninni sem er ætlað að styðja við samstarf vegna sjóflutninga milli landa, með það að markmiði að minnka umhverfisáhrif. Sturla segir áætlunina eingöngu ná til vöruflutninga á milli landa. Hann segir mikilvægt að flutningafyrirtækin kynni sér áætlunina og möguleikana sem í henni felist.

„Samgönguráðuneytið kynnti Marco Polo áætlunina fyrir flutningafyrirtækjunum á sínum tíma en þau sýndu verkefninu engan áhuga. Ég get

ekki annað en furðað mig á viðbrögðum Atlantskipa sérstaklega í ljósi þess að ég átti nýverið fund með forsvarsmönnum félagsins þar sem niðurstaða fundarins var að við myndum skoða málið vandlega frá öllum sjónarhornum. Ef þeim er einhver alvara þá eiga þeir að setja upp viðskiptaáætlun og hefja viðræður við bæði stjórnvöld og þá í atvinnulífinu sem leggja áherslu á að njóta þjónustu sjóflutninga. Slíkur samstarfsvettvangur getur skapað aðstæður til að sækja styrki í Marco Polo áætlunina. Grímur bæjarstjóri virðist hins vegar hafa meiri áhuga á að slá pólitískar keilur og berja á stjórnvöldum en leita leiða sem eru færar. Tilvísanir til hugmynda frá fulltrúa sveitarfélaganna í Brussel stóða lítt þegar þær eru byggðar á misskilningi eða rangfærslum eins og fram hefur komið í fullyrðingum Gríms Atlasonar.

Flutningskostnaður verður ekki lækkaður með því einu að slá lykilorðið á tölvu bæjarstjórans í Bolungarvík og breiða út misskilning sem er til þess gerður að vekja óraunhæfar væntingar. Flutningskostnaður verður því aðeins



Sturla Böðvarsson.

lækkaður að skipafélögin og flutningafyrirtækin taki höndum saman með stjórnvöldum, atvinnulífinu og sveitarfélögum með langtímahagsmunum að leiðarljósi svo sem sjávarútvegsklassi Vestfjarða hefur verið að gera. Samgönguráðuneytið er tilbúið að vinna að því mikilsverða verkefni. Í þeim tilgangi eru flutningskostnaðarmál og sjóflutningar sérstaklega til meðferðar í samstarfi samgönguráðuneytis og iðnaðarráðuneytis“ segir ráðherra.

Hvað umhverfissjónarmið og sjónarmið þeirra sem vilja flutningabilana af vegum landsins varðar, þá segir Sturla að verið sé að byggja upp þjóðvegi landsins til að á þeim geti með góðu móti farið fram þungaflutningar. Hann segir að hraðinn sem landflutningar hafi upp á að bjóða hafi ráðið úrslitum hjá þeim sem þurfa að koma vörum sínum á milli landshluta og sérstaklega þá fiskframleiðendur sem þurfa að koma fisknum sem ferskustum á leiðarenda.

– annska@bb.is



Til sölu

Eftirtaldar eignir eru til sölu:

1. Íbúð á 4. hæð suðurenda í fasteigninni Aðalstræti 24, Ísafirði. Um er að ræða 127,5m² íbúð á 4. hæð ásamt sérgeymslu í kjallara. Eignin er byggð árið 1984 og er búin vönduðum innréttingum. Fasteignin stendur á eignarlóð. Bílastæði eru á baklóð sem jafnframt er eignarlóð.

2. Verslunarhúsnæði á jarðhæð ásamt kjallara í fasteigninni Aðalstræti 24, Ísafirði. Um er að ræða ca. 260m² húsnæði, þar af 130m² í kjallara. Möguleiki er á 40m² stækkingun á baklóð. Eignin er byggð árið 1935 en öll endurbyggð árið 1984. Fasteignin stendur á eignarlóð. Bílastæði eru á baklóð sem jafnframt er eignarlóð.

3. Rekstur verslunarinnar Skóhornisins, Aðalstræti 24, Ísafirði, ásamt öllum innréttingum og vörulager verslunarinnar.

4. Rekstur verslunarinnar Bimbó, Aðalstræti 24, Ísafirði, ásamt öllum innréttingum og vörulager verslunarinnar.

Óskað er eftir tilboðum í eignirnar. Hægt er að gera tilboð í allar eignirnar saman eða hverja fyrir sig. Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum. Tilboðum skal skilað til Björns Jóhannessonar hdl., í síma 456 4577, sem jafnframt gefur allar nánari upplýsingar um eignirnar.



Lögsýn ehf.
Björn Jóhannesson, hdl.



Ágætis mæting á háskólakynningu

Háskólakynning fór fram í Háskólasetri Vestfjarða undir lok síðustu viku. Að sögn Mörthu Lilju Marthensdóttur Olsen, þjónustu- og kennslustjóra Háskólasetsins, var ágætis mæting á kynninguna. Allir háskólar landsins tóku þátt, en fulltrúar hvers skóla kynntu nám og starf í skólanum í eigin bás, þar sem einnig var hægt að nálgast kynningarbæklinga. Fresta þurfti sérstakri fjarnámkyningu sem Erlendur Steinar Friðriksson, verkefnastjóri fjarkennslu í Háskólanum á Akureyri ætlaði að halda, en Martha sagðist vona að tækifæri gæfist til að halda kynninguna seinna.

Orkubú Vestfjarða hf., sett upp í skuldir Landsvirkjunar

Það voru þung spor sem Vestfirðingar urðu að stíga fyrir um 5 árum, þegar ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks knúði þá til að láta Orkubú sitt af hendi upp í skuldir, fyrst og fremst við opinbera aðila eins og Íbúðalánasjóð. Orkubú Vestfjarða var ein af verðmætustu samfélagsseigum íbúanna. Þrátt fyrir dreifða byggð og miklar vegalengdir var raforkuverð til neytenda, heimila og fyrirtækja einna lægst á Vestfjörðum.

Vegna háshlutfalls eigin raforkuframleiðslu í fjórðungnum var Orkubúð ekki eins háð því og t.d. Rarik að kaupa raforku af Landsvirkjun á uppsprengdu verði til að standa undir stóriðjukostnaði Landsvirkjunar. Það var þungt fyrir Vestfirðinga að vera knúnir til að leiða bestu mjólk-

urkú sína heim í garð ríka mannsins, drottara markaðshyggjunnar.

Loforð svikin og orkuverð hækkar enn

Miklir svardagar voru gefnir heimamönnum af hálfu forystumanna Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks: Þjónustan yrði sú sama, raforkuverð myndi ekki hækka. Orkubúð yrði áfram sjálfstætt og þjónaði fyrst og fremst hagsmunum Vestfirðinga. Raforkuverð átti að lækka með nýjum raforkulögum, markaðsvæðingu og hagræðingu. Auðvitað vissu allir sem vildu vita að blek ráðherranna yrði varla þornað þegar loforðin yrðu svikin.

Nú berast boð um að Orkubúð hafi verið skyldað til að stórhækka orkuverð frá 1.

mars n.k. til fyrirtækja og heimila á Vestfjörðum og uppfylla þar með þær arðsemiskröfur sem iðnaðarráðherra Framsóknarflokksins gerir til fyrirtækisins. Áður var litið á raforkuna sem grunnþjónustu og lágt verð og góð þjónusta væru því í raun arðurinn til neytenda. Nú er það gróðinn, arðsemi fjármagnsins, sem gengur fyrir öllu. Vestfirðingar og þjóðin öll sýpur seyðið af þeirri stefnu stjórnvalda. Hækkun orkuverðs er köld kveðja til Vestfirðinga sem nú verða fyrir hverju áfallinu á fætur öðru í atvinnumálum, bein afleiðing af stefnu stjórnvalda.

Vestfirðingar borga stóriðjutoll ríkisstjórnarinnar

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp frá ríkisstjórninni um að leggja Orkubú Vestfjarða endanlega inn í Landsvirkjun til að „treysta eignastöðu hennar“ og þar með yrðu Vestfirðingar skyldaðir til að borga að fullu stóriðjutoll Landsvirkjunar:

„Eignarhlutur ríkisins í Orkubú Vestfjarða hf og Rafmagnsveitum ríkisins hf skal lagður til Landsvirkjunar sem viðbótar eigendaframlag ríkissjóðs í Landsvirkjun fyrir 1. júlí 2007“.


Nái frumvarp ríkisstjórnarinnar fram að ganga verður þetta stolt Vestfirðinga, Orkubúð, aðeins pappirsgagn í skúffu Landsvirkjunar. Með því að leggja bæði Rarik og Orkubúð inn í Landsvirkjun verður einfalt að setja einkavæðingu Landsvirkjunar á fulla ferð.

Skilum Orkubúinu aftur til Vestfirðinga

Þingmenn Vinstri grænna hafa staðið með Orkubú Vestfjarða alla tíð. Við litum á raforkuna sem grunnþjónustu og lögðumst gegn markaðs- og einkavæðingu raforkukerfisins. Við höfum afdráttarlaust lagt gegn því að afhenda Landsvirkjun Orkubú Vestfjarða og Rarik hf. Við krefjumst þess að Orkubúð fái að vera sjálfstætt opinbert fyrirtæki í forsjá Vestfirðinga sem ber hagsmunum heimamanna fyrst og fremst fyrir brjósti.

Nóg komið af einkavæðingu

Við heitum á Vestfirðinga



Jón Bjarnason, þingmaður Vinstri Grænna í Norðvesturkjördæmi.

og landsmenn alla að standa með okkur þingmönnum VG gegn því að forna Orkubúinu upp í skuldir Landsvirkjunar vegna stóriðjunnar. Stöðva þarf áform stjórnvalda um að leggja Orkubúð og Rarik inn í Landsvirkjun og það á síðustu dögum ríkisstjórnar sem hefur þegar unnið stórtjón með einkavæðingu á almannaþjónustu landsbyggðarinnar.

Jón Bjarnason, þingmaður Vinstri grænna í Norðvesturkjördæmi.

Ísafjarðarbær íhugar riftun á samningi við Símann

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt að athuga riftun á samningi sveitarfélagsins og Símans þar sem fyrirtækið hefur dregið verulega úr starfsemi sinni í Ísafjarðarbæ. Í byrjun mánaðar gerði Ísafjarðarbær tveggja ára þjónustusamning við Símann um talsíma, farsíma og gagnaflutningsþjónustu. Þess má geta að fyrir rúmu ári var kannað hvort hætta ætti viðskiptum við Símann. Þá komu forsvarsmenn OgVodafone til Ísafjarðar og áttu m.a. fund með Halldóri Halldórssyni, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, þar sem þeir kynntu starfsemi fyrirtækisins.

Eins og kunnugt er lokaði Síminn símaveri 118 í byrjun síðasta árs, og misstu fimm starfsmenn atvinnu sína við það. Þegar tilkynning um lokunina var kunngerð komu fram hugmyndir um að Ísafjarðarbær endurskoðaði viðskipti sín við Símann og var sérstakur starfshöpur skipaður til verksins. Samkvæmt upplýsingum blaðsins lögðu fulltrúar OgVodafone ekki fram nein tilboð í símaþjónustu og engar ákvarðanir voru teknar á fundinum. Sagði bæjarstjóri þá að starfsmenn og viðskiptavinir Ísafjarðarbæjar myndu ekki finna neinn mun á þjónustunni, yrði sú ákvörðun tekin að flytja viðskiptin yfir til OgVodafone. Ekki varð af flutningnum.

Eins og kunnugt er var tveimur starfsmönnum Símans með áralanga starfsreynslu sagt upp.

– thelma@bb.is



Frá undirskrift Símans og Ísafjarðarbæjar fyrr í mánuðinum. Eyþór Ólafur Bergmannsson, viðskiptastjóri hjá Símanum, Ingi Þór Ágústsson bæjarfulltrúi, Sævar Freyr Þráinsson framkvæmdastjóri hjá Símanum og Þorleifur Pálsson bæjarritari.

Vilji stjórnarflokkanna til að vinna að bættum hag Vestfjarða fyrir neðan sársaukamörk

Kristinn H. Gunnarsson er ómyrkur í máli á heimasíðu sinni um þá þróun sem átt hefur sér stað á Vestfjörðum um nokkurt skeið, þegar litið er til byggðamála, íbúapróunar og hagvaxtar. Segir hann lokun Marels á Ísafirði draga skýrt fram þá drætti sem einkenna byggðapróun undanfarna ára og veruleikann vera þann að fjórðungurinn eigi í vök að verjast. „Nokkuð lengi hefur verið leitast við að sjá allar breytingar með jákvæðum gleraugum hversu slæmar

sem þær hafa verið hverju sinni. Það er út af fyrir sig ágætt til þess að mönnum yfir sjáist ekki möguleikarnir til sóknar og framfara. En hitt verður ekki umflúið að greina verður ástandið hverju sinni kalt og rökrétt því aðeins þannig er unnt að finna réttu ráðin til úrbóta“ segir Kristinn.

Kristinn tók málefni fjórðungins upp á Alþingi fyrir stuttu og segir þá þingmenn sem til máls tóku hafa verið sammála um hversu alvarlegt ástandið er. Kristinn segir ekki

máli skipta hvar fæti sé niður dregið í umræðu um uppbyggingu á Vestfjörðum. „Helstu kennitölur tala sýnu máli. Íbúum á Vestfjörðum hefur fækkað um 21% síðustu 12 árin og störfum fækkað að sama skapi. Meðaltekjur fyrir fullt starf hafa dregist aftur úr höfuðborgarsvæðinu á sama tíma og eru nú 18% lægri á Vestfjörðum en á höfuðborgarsvæðinu. Hagvöxtur á árunum 1998-2004 var neikvæður um 6%, en jákvæður um 29% á landsvísi á sama tíma. At-



Kristinn H. Gunnarsson.

vinna, störf og tekjur eru allt kennitölur sem sýna þróunina og þær eru allar á eina lund. Stjórnvöld geta haft áhrif á þróunina og hafa sýnt það, t.d. á Austurlandi að þau geta beitt sér og vilja það og það sem mest er um vert, ná árangri. Auðvitað er hægt að ná árangri á Vestfjörðum eins og annars staðar.“

Kristinn segir vanda fjórðungins aðallega fölginn í atvinnu-mennta- og samgöngumálum, svo og flutningskostnaði „Fyrstu hugmyndir

um úrræði snúa einmitt að þessum þáttum, samgöngum, lækkan flutningskostnaðar og menntamálum með aukinni áherslu á iðnmenntun og stofnun háskóla á Ísafirði. Allar þessar tillögur er á færi stjórnvalda að hrinda í framangri. Auðvitað er hægt að ná árangri um viljann. Er hann fyrir hendi eða ekki. Ríkisstjórnin hefur haft 12 ár og það má heita nokkuð ótvírætt að vilji stjórnarflokkanna er fyrir neðan sársaukamörk.“

– annska@bb.is



Púkar og sjóræningjar létu sig ekki vanta.



Sigurvegarar kvöldsins, Frelsisstytta, Ungfrú Grunnavík og Snæfjallaströnd og Elísabet fyrsta. Myndir: Páll Öundurson.

Á þriðja hundrað manns á árlegu grímuballi KFÍ

Grímuball stuðningsmanna KFÍ, Ísfélksins, fór fram um helgina. Var það í niúnda sinn sem það er haldið. Að sögn Eyglóar Jónsdóttur, eins skipuleggjendanna, tókst mjög vel til og mikil stemning ríkti. Á þriðja hundrað manns sótti ballið og hefur fjöldi ballgesta verið að aukast frá ári til árs. Eins hefur hlutfall þeirra sem koma í grímubúningi verið að aukast, en Eygló taldi að um

90% hafi skartað búningi. Mikið er lagt í búningana og segir Eygló að fólk sé jafnvel farið að huga að búningi næsta árs strax að nýloknu balli.

Á næsta ári fagnar grímuballið 10 ára afmæli og á Eygló von á því að þá verði enn meira um dýrðir. Aðspurð hvort Krúsinn réði við þennan fjölda sagði Eygló að ef þróunin yrði í sömu átt og verið hefur þá hlyti að enda með

því að ballið sprengdi Krúsina utan af sér. Margir brottfluttir gerðu sér ferð heim á fornar slóðir til að taka þátt í fjörinu. Eins mættu liðsmenn úr Þór frá Akureyri á ballið, í fullum grímuskúða, en þeir höfðu fyrir um daginn spilað leik á móti KFÍ.

Á grímuballinu fer jafnan fram kosning um þann búning sem gestum ballsins finnst skara fram úr. Í ár var það

Frelsisstytta sem bar sigur úr bítum, en það var Matt-hildur Helgadóttir sem skellti sér í gervi hennar. Í öðru sæti var Ungfrú Grunnavík og Snæfjallaströnd í höndum Friðriks Stefánssonar. Guðrún Guðbjargadóttir sem Elísabet fyrsta skartaði í þriðja sæti. Páll Öundurson kom við á grímuballinu og tók þar meðfylgjandi myndir.

– annska@bb.is



Adda Bjarnadóttir.



Auður Böðvarsdóttir.



Edith Guðmundsdóttir.



Gréta Kristinsdóttir.



Hulda Bjarnadóttir.



Magdalena Sigurðardóttir.



Salóme Halldórsdóttir.



Svala Sigurgeirsdóttir.



Vala Viðarsdóttir.

Fegurðardrottningar Vestfjarða

Níu stúlkur taka þátt í Fegurðarsamkeppni Vestfjarða sem haldin verður á Ísafirði 4. apríl. Þetta er í annað sinn sem svo margir keppendur taka þátt en metþátttaka var í síðustu keppni sem haldin var 2004 þar sem jafnmargar stúlkur tóku þátt.

Stúlkurnar sem taka þátt í ár eru; Adda Bjarnadóttir 20 ára Suðureyarmær og foreldrar hennar eru Erla Eðvarðsdóttir og Bjarni Hákonarson. Hulda Bjarnadóttir systir hennar tekur einnig þátt en hún er 18 ára. Edith Guðmundsdóttir Hansen er 19 ára Ísafirðingur en hún er dóttir Anette Hansen og Guðmundar Kristjáns Högnasonar. Gréta María Kristinsdóttir er 19 ára stúlka frá Þingeyri, foreldrar hennar eru Kristinn Björnsson og Jenný Lind Grétudóttir.

Guðrún Auður Böðvars-

dóttir er 17 ára frá Ísafirði, móðir hennar er Þórdís J. Jakobsdóttir og stúpaðir Veigar S. Jónsson, faðir er Böðvar Örn Kristinsson og stúpmóðir Þórdís Ómarsdóttir. Magdalena Margrét Sigurðardóttir er 18 ára Ísafirðingur og dóttir Ólafar Bjarkar Oddsdóttur og Sigurðar S. Jónssonar. Salóme Halldórsdóttir er 17 ára Bolvíkingur, foreldrar hennar eru Halldór Magnússon og Sigríður Inga Elíasdóttir.

Svala Sif Sigurgeirsdóttir er einnig frá Bolungarvík, hún er að verða 19 ára, Sigurgeir Steinar Þórarinsson er faðir hennar og Ragnhildur Stefánsdóttir stúpmóðir, en móðir hennar heitir Guðrún B. Benediktsdóttir. Vala Karen Viðarsdóttir er að verða 19 ára og foreldrar hennar eru Viðar Konráðsson og Dána Björk Hólmsteinsdóttir á Ísafirði.

– thelma@bb.is



Margt var um manninn í sal Frímúrara.

Vel lukkað Hlífarsamsæti

Hið árlega Hlífarsamsæti eldri borgara var haldið í sal Frímúrara á Ísafirði á sunnudag. Samsætið var vel sótt að vanda og góður rómur að því gerður. Alma Frimannsdóttir setti hófið, en næst flutti formaður kvenfélagsins, Elinborg Sigurðardóttir, ávarp. Séra Valdimar Hreiðarsson flutti svo hugleiðingu. Eftir þessi ávörp var gert kaffihlé þar sem bornar voru fram veit-

ingar, súkkulaði, kaffi, brauð og tertur. Að kaffihléi loknu var sýnd kvikmynd frá 17. júní hátíðahöldum á Ísafirði árið 1966, en þá var jafnframt 100 ára afmæli kaupstaðarins.

Eftir kvikmyndasýninguna fluttu nemendur Tónlistarskóla Ísafjarðar tónlistartriði. Þá var ballettsýning eldri og yngri nemenda frá Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar. Hlífarkórinn söng undir stjórn

Margrétar Geirsdóttur, við undirleik Baldurs Geirmundssonar og Samúels Einarssonar, en söngur Hlífarkórsins er fastur liður í dagskrá Hlífarsamsætisins. Að skemmtiatriðum loknum var stígninn dans við undirleik félaga úr Harmóníukfélagi Vestfjarða.

Hlífarsamsætið á sér langa sögu því snemma árs 1907 tóku nokkrar konur á Ísafirði sig saman og efndu til hófs

fyrir eldri samborgara sína. Hlífarkonur hafa haldið slík samsæti síðan og því var þetta í 101. skipti sem samsætið var haldið í ár. Eru samsætin orðin rækilega fastur liður í menningarlífi Ísafjarðar.

Kvenfélagið Hlíf vill koma á framfæri þakklæti til allra þeirra sem leggja félaginu lið við framkvæmd samsætisins.

– tinna@bb.is

Vestfirðingar orðnir 7.461

Vestfirðingar voru alls 7.461 þann 31. desember síðastliðinn, samkvæmt nýjustu tölum frá Hagstofu Íslands, og hafði þá fækkað um 90 manns frá því sama dag árið áður. Árið þar á undan fækkaði um 149 manns, en frá 2003 til 2004 fækkaði um 137. Frá 2002-2003 fækkaði um 78 manns, frá 2001-2002 fækkaði um 105, frá 2000-2001 fækkaði um 132, frá 1999-2000 fækkaði um 158, frá 1998-1999 fækkaði um 290 manns og frá 1997-1998 fækkaði um 56 manns. Að meðaltali hefur Vestfirðingum því fækkað um 132,8 manns á ári frá árinu 1997, og alls um 1195, eða heil 14%.

Fella niður skuldir Sæskipa

Bæjarráð Bolungarvíkur hefur samþykkt að fella niður eftirstöðvar skulda Sæskipa ehf. þar sem fyrirtækið er komið í þrot. Sæskip ehf., greiddi lögveðskrófur án vaxta árið 2006 og voru eftirstöðvarnar 450.258 krónur. Sæskip sá, sem kunnugt er, um rekstur eina strandsiglingaskips landsins, Jaxlins, þar til hann var seldur til Danmerkur í október árið 2005.

Fiskiskipum á Vestfjörðum fækkar um 21% á sjö árum

Alls voru skráð 302 fiskiskip á Vestfjörðum í lok síðasta árs, og hafði þeim fækkað úr 381 fiskiskipi árið 1999, eða um 21%. Mest fækkaði opnum fiskibátum á tímabilinu, úr 214 í 142, eða um 9,5%, og eru þeir því orðnir færri en vélskipin sem samkvæmt sömu tölum voru 153 um síðustu áramót og hafði einungis fækkað um fjögur frá árinu 1999. Gerir það 2,5% fækkun.

Tíu togarar voru skráðir á Vestfjörðum árið 1999 en undir lok síðasta árs voru þeir sjö talsins, sem er 30% fækkun. Á sama tíma fækkar togurum á landsvísi um 31%, vélskipum fjölga um 13,5% og opnum fiskibátum fækkaði um 31,5%. Tölurnar eru fengnar frá Hagstofu Íslands og miðast þær við 31. desember árið 2006, annars vegar, og sama dag árið 1999, hins vegar. – eirikur@bb.is



Ísafjarðarhöfn.

Hinar hljóðu hamfarir

Náttúruhamfarirnar sem gengu yfir norðanverða Vestfirði árið 1995 voru þungt högg fyrir byggðarlagið. Þær dundu yfir á einni nóttu og afleiðingarnar voru öllum ljósar. Enda vafðist ekki fyrir landsmönnum, stjórnvöldum og öllum sem vettlingi gátu valdið að rétta fram hjálparhönd. Samtakamáttur og samhugur þjóðarinnar allrar varð þess valdandi að heimamönnum tókst að endurreisa tvö byggðarlög, nánast úr rústum.

Það sem hefur verið að gerast í atvinnumálum hér á svæðinu undanfarna áratugi eru annarskonar hamfarir. Það eru hinar þöglu hamfarir sem ekki blasa við í fljótu bragði þar sem þær hafa átt sér stað á löngum tíma. Þess vegna hefur heldur ekki verið risið upp að heitið geti, hvorki í vörn né sókn.

Linsóðinn froskur í vatni

Hlutskipti vestfirskra byggða hefur eiginlega verið hið sama og frosksins sem soðinn er rólega í vatninu. Hann áttar sig ekki á því hvað er gerast vegna þess að hann sjálfur hitnar með vatninu, verður máttfarinn og soðnar svo til bana. Lítum á hver þróunin hefur verið:

- 1) Íbúum hefur fækkað um 25% á 25 árum.
- 2) Útgerð og fiskvinnsla eru ekki svipur hjá sjón eftir að margumrædd „hagræðing í sjávarútvegi“ náði fram að ganga á landsvísi í kjölfar óréttláts kvótakerfis. Af níu togurum sem gerðir voru út frá norðanverðum Vestfjörðum á áttunda áratugnum eru 2

eftir (mætti með góðum vilja segja 3).

3) Hagvöxtur á svæðinu hefur verið neikvæður á sama tíma og hann hefur verið jákvæður í öðrum landshlutum (nema Norðurlandi vestra). Til dæmis var hagvöxtur Vestfirðinga -6% en +29% á höfuðborgarsvæðinu á árunum 1998-2004.

4) Flest sveitarfélögin á Vestfjörðum berjast í bökkum og hafa neikvæða rekstrarstöðu.

5) Vegakerfi landshlutans er enn ófrágengið og sum svæði enn ekki komin í vegasamband að heitið geti. Samkvæmt nýrri samgönguáætlun er enn 2-3 ára bið eftir bundnu slitlagi frá Ísafirði til Reykjavíkur, og enn lengri bið fyrir suðurhluta svæðisins.

6) Flutningskostnaður er hærri á Vestfjörðum en í öðrum landshlutum, lætur nærri að hann sé um 30-40% hærri en á Akureyri, svo dæmi sé tekið.

7) Menntunartig er lágt miðað við aðra landshluta.

Samstöðuskortur

Þrátt fyrir þetta hefur ekki tekist að mjaka ráðamönnum svæðisins, hvorki á þingi né í sveitarstjórnunum, til þess að sameinast um þau baráttumál sem mestu skipta fyrir byggðarlagið. Því miður hafa varðhundur stjórnmalaflokkanna í heimabyggð einatt komist upp með að hlaupa í skotgrafirnar og veifa mál í flokkspólitískar þrætur, þegar veigamikil mál ber á góma. Það er tími til kominn að velunnarar þessa svæðis taki saman höndum, teygi sig hver í átt að öðrum



Ólína Þorvarðardóttir.

yfir skotgrafirnar, og beiti sér í sameiningu fyrir björgun þessa byggðarlags.

Annar vandi er stefnuleysið, til dæmis eins og það hefur birst í samgöngumálum. Ég leyfi mér að nefna ákvörðun og nýafstaðin fagnadarlæti yfir Óshlíðargöngum sem skyndilega eru komin fram fyrir Arnarfjarðargöng – bráðnauðsynlega samgöngubót sem beðið hefur verið eftir árum saman - á samgönguáætlun.

Gleðisöngskrafan

Ög svo er það gleðisöngskrafan. Þá sjaldan eitthvað næst fram er fjöldanum skipað að fagna – hátt og lengi, í nafni jákvæðrar umræðu. Annars eru menn sakaðir um „niðurrif“, hvorki meira né minna. Menn skulu kvaka og þakka hvað lítið sem gerist. Þessi gleðisöngskrafa er orðin að svipu sem svífur yfir höfðum íbúa á Vestfjörðum, því ekki má ræða það sem miður fer eða „skaða mynd svæðisins“ með því að tala um vandamálin eins og þau eru.

Jæja, ég er búin að fá nóg af því að þegja – ég tek ekki þátt

í þessari vitleysu lengur. Gleðisöngsveitin verður að horfast í augu við þá staðreynd að mynd Vestfjarða hefur beðið hnekki! Hvenær sem samgöngur ber á góma, hvenær sem starfsemi er lögð niður eða hagvaxtartölurnar eru rifjaðar upp, þá er myndarvandi á ferðum fyrir Vestfirði. Það er líka myndarvandi á ferðum þegar ótíðindin eiga sér stað beint í kjölfar fagnadarláta af litlu tilefni, beint ofan í lofsyrði um „uppsveiflu“ og „framfarir“ sem lítil eða engin innistæða reynist svo fyrir. Þetta er grafalvarlegt mál.

Stökkvum upp úr!

Þegar þessi orð eru skrifuð skín sól á snævipakin fjöllin umhverfis Ísafjörð. Djúpið blasir við mér út um gluggann fagurblátt og glitrandi í sólskininu. Ég vil búa hér – hér líður fjölskyldu minni vel, hér er gott fólk og fallett umhverfi. Það er til nokkurs að vinna að berjast fyrir framtíðinni á þessum fallega stað.

En, ég vil ekki vera linsóðinn froskur í potti fullum af hálfvelgjuloförðum og skammtímalausnum. Þetta landsvæði hefur skapað þjóðarbúinu verðmæti, verið undirstaða sjávarútvegs og þar með þjóðartekna. Nú er röðin komin að okkur að fá almennilega vegi sem eru samanburðarhæfir við það sem gerist í öðrum landshlutum; strandsiglingar og jarðgöng undir Dynjandis- og Hrafnseyrarheiði til þess að lækka flutningskostnað og tengja saman byggðarlög. Síðast en ekki síst þurfum við Háskóla á Ísafjörð!

– Ólína Þorvarðardóttir.

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
lögiltur fasteignasali
 Hafnarstræti 1 - Ísafirði • Sími: 456 3244

Guðmundur Óli Tryggvason
lögiltur fasteignasali
 Fax: 456 4547 • Netfang: eignir@fsv.is
 Heimasíða: www.fsv.is

<p>Fjarðarstræti 13, Ísafirði</p> <p>235 m² steinsteypt hús á góðum stað í bænum ásamt 51 m² bílskúr, þrjár 3ja herbergja íbúðir eru í húsinu sem hægt er að leigja út.</p> <p>26.000.000,-</p>	<p>Hlíðavegur 26, Ísafirði</p> <p>259 m² steinsteypt einbýli á tveimur hæðum, nýtt þak á húsinu, 4 svefnherbergi á efri hæð, möguleiki á séríbúð á neðri hæð.</p> <p>22.900.000,-</p>
<p>Engjavegur 9, Ísafirði</p> <p>220 m² einbýlishús á tveimur hæðum með bílskúr, lítil séríbúð undir bílskúr sem hægt er að leigja út.</p> <p>24.000.000,-</p>	<p>Krókur 1, Ísafirði</p> <p>Lítið múrhúðað einbýlishús á tveimur hæðum, húsið er skráð 50 m² en er stærra þar sem kjallahæð hefur ekki næga lofthæð.</p> <p>6.700.000,-</p>
<p>Fjarðarstræti 29, Ísafirði</p> <p>Þrjú herbergja séríbúð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara og geymsluskúr, samtals 123 m².</p> <p>Tilboð óskast</p>	<p>Fjarðarstræti 29A, Ísafirði</p> <p>Fjögurra herbergja séríbúð í tvíbýlishúsi með kjallara og rislofti, samtals 116 m².</p> <p>Tilboð óskast</p>
<p>Alfabýggð 3, Súðavík</p> <p>Fallett 130 m² einbýlishús úr timbri með 36 m² sambygðum bílskúr, byggt árið 1996.</p> <p>20.500.000,-</p>	<p>Holtagata 29, Súðavík</p> <p>110 m² einbýlishús úr timbri á einni hæð, byggt árið 1996, þrjú svefnherbergi.</p> <p>12.000.000,-</p>
<p>Hlíðavegur 24, Ísafirði</p> <p>180,6 m² einbýlishús á þremur hæðum ásamt 45,6 m² stórum geymsluskúr. Kjallari er steypur en efri hæðir eru úr timbri.</p> <p>14.900.000,-</p>	<p>Stórholt 9, Ísafirði</p> <p>164 m² 5-6 herbergja íbúð á fyrstu hæð og í kjallara fjölbýlishúss. Baðherbergi endurnýjað.</p> <p>16.200.000,-</p>

Blaðamaður

Blaðamaður óskast til starfa á Bæjarins besta og fréttavefinn bb.is. Um er að ræða fullt starf frá mars-apríl 2007.

Viðkomandi þarf að hafa gott vald á íslensku og góða almenna þekkingu, einkum á vestfirsku samfélagi. Jafnframt þarf hann að vera framtakssamur og áráðinn.

Nánari upplýsingar gefur Sigurjón J. Sigurðsson í síma 456 4560.

Verk-Vest býður upp á sumarhús á Spáni

Verkalýðsfélag Vestfjarða hefur ákveðið að bjóða félagsmönnum sínum upp á þá nýjung að geta tekið á leigu einbýlishús í sumarhúsaahverfi á Alicante á Spáni til afnota í júlí til október á þessu ári. Í húsinu eru tvö svefnherbergi með hjónarúmi og barnarúmi, stofa, eldhús og baðherbergi. Öll venjuleg áhöld eru til staðar, svo sem sjónvarp og þvottavél. Loftkæling er í húsinu. Í afgirtum garði er sundlaug sem tilheyrir húsinu. Húsið leigist til vikutíma í senn. Stjórn félagsins vonast eftir góðum undirtektum félagsmanna við þessari nýju þjónustu. Gangi það eftir verður Spánardvöl væntanlega fastur liður meðal þeirra orlofsdvalarmöguleika sem félagið býður sínu fólki í framtíðinni.



Endurskoðun fari fram á þjónustusamningi Ísafjarðarbæjar við Símann

Ingi Þór Ágústsson, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ, er ekki ánægður með uppsagnir á starfsmönnum Símans á Ísafirði sem kynntar voru í síðustu viku. Í samtali við blaðið sagði Ingi Þór að í kjölfar uppsagna Símans verði að endurskoða samning bæjarins við Símann, en í byrjun febrúar skrifaði Ísafjarðarbær undir tveggja ára þjónustusamning við fyrirtækið um talsíma, farsíma og gagnaflutningsþjónustu. Ingi Þór er formaður starfshóps um tölvumál Ísafjarðarbæjar, sem mælti með að samningur yrði gerður við Símann.

Í kjölfar undirskriftar samningsins sat Ingi Þór fund með framkvæmdastjóra fyrirtækjarsviðs Símans á Ísafirði. Segir Ingi Þór á heimasíðu sinni að



Verslun Símans er til húsa í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði.

þar hafi komið skýrt fram að ekki stæði til að breyta starfsemi Símans á svæðinu í fyrirsjáanlegri framtíð. Ingi Þór segir einnig að yfirmönnum Símans hefði verið í lófa lagið að að haga starfsemi sinni

þannig að til Ísafjarðar yrðu flutt aukin verkefni, sem hefðu getað komið í veg fyrir þessar uppsagnir. Á heimasíðu Inga segir jafnframt: „Þegar Ísafjarðarbær ákvað að skrifa undir samninga við Símann

ehf., á grundvelli þess samnings sem hefur verið nefndur Ríkiskaupasamingurinn, var það gert í góðri trú um að fyrirtækið myndi efla sína starfsemi hér á svæðinu í

framtíðinni og reynast öflugur hluti af fyrirtækjaflóru samfélagsins.“ Á næstunni mun vera metið hvort tilefni sé til að segja upp samningnum og róa á önnur

mið. Samningur Ísafjarðarbæjar og Símans gildir í tvö ár, svo fremi sem engar atvagasemdir verði við hann gerðar fyrir næstu áramót.

– tinna@bb.is

Flokkstjóri vélamanna



Framundan eru breytingar hjá Björgun ehf og er því leitað að einstaklingi sem er tilbúinn að taka virkan þátt í þeim ásamt öflugum hópi starfsmanna. Er nú leitast eftir að ráða til starfa vinnandi flokkstjóri við höfuðstöðvar fyrirtækisins í Reykjavík.

Viðkomandi mun starfa í fimm manna hópi skófludeildar á útisvæði fyrirtækisins, hópurinn er andlit fyrirtækisins út á við gagnvart viðskiptavinum fyrirtækisins. Hjólaskóflur Björgunar eru nýlegar og er kappkostað að endurnýja þær reglulega.

Starfið felst í þjónustu við viðskiptavinum, moka rétt á og réttu magni á vörubíla og trailera ásamt því að framleiða efni.

Hæfniskröfur:

- Full vinnuvélaréttindi og reynsla í notkun hjólaskóflu skilyrði
- Reynsla af mannahaldi og stjórnun verka skilyrði
- Reynsla frá jarðvegsframkvæmdum skilyrði
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Stundvisi og kurteis framkoma
- Samviskusemi, nákvæmni og metnaður
- Reynsla af malarnámi er mikill kostur

Umsjón með starfinu hefur Inga Steinunn Arnardóttir, inga@radning.is



RÁÐNINGAR
ÞJÓNUSTAN

Krókháls 5a • 110 Reykjavík • Sími: 588 7700 • www.radning.is • radning@radning.is

Beðið um aðstoð við varðveislu elsta húss Flateyrar

Minjasjóður Öfundarfjarðar hefur leitað eftir samvinnu við Ísafjarðarbæ um varðveislu og framtíð pakkhússins á Flateyri. Svarta pakkhúsið, eins og það er oft nefnt, er líklega elsta húsið á Flateyri, en það ku vera byggt um miðja 19. öld. Núverandi staðsetning hússins þykir ekki heppileg, en það stendur á miðju athafnasvæði við höfnina og

því hefur verið leitað eftir því hvort mögulegt sé að flytja það.

Á nýju aðalskipulagi hefur húsinu verið afmarkaður staður neðarlega við Hafnarstræti en þar gæti það orðið hluti af umhverfi sem hugmynd er um að þróa í samræmi við menningartengda ferðaþjónustu. Við Hafnarstrætið má finna gömlu bókabúð þorpsins, en

þar er nú safn. Einnig er alþjóðlegt brúðusafn til húsa við Hafnarstrætið, nánar tiltekið í Félagsbæ.

Vonast er til að pakkhúsið og umhverfi þess geti nýst sem safnhús og staður þar sem menningartengd starfsemi fer fram að sumarlagi. Húsið, og umhverfi þess, getur verið minnisvarði um gamla tíma í sjávarþorpi. – tinna@bb.is

ER FERMING Í NÁND? ÞÁ ER RÉTTI TÍMINN TIL...



að velja servíttturnar og áprentun sé þess óskað

að velja kertid og áskriftina á það

að velja litinn / þeman

að velja hansleana, klútinn og bara hreinlega allt sem þarf til að fegra veisluna ykkar



Veitum faglega þjónustu
Starfsfólk Blómaturnsins
blomaturnsin@blomaturnsin.is



Blómaturinn

Gísli Súrsson sýndur í Albaníu

Kómediuleikhúsinu á Ísafirði hefur verið boðið að sýna einleikinn Gísla Súrsson á alþjóðlegri leiklistarhátíð sem haldin er í vor í Albaníu. Um er að ræða einleikjahátíð sem ber heitið Albamono. Þetta er í annað sinn sem hátíðin er haldin og er dagskrá hátíðarinnar fjölbreytt og einleikin. Það er því mikil viðurkenning fyrir Kómediuleikhúsið að vera boðið á hátíð sem þessa og að því er fram kemur á komedia.is ríkir mikil eftirvænting í herbúðum leikhússins vegna ferðarinnar. Albmono einleikjahátíðin verður haldin dagana 21. - 25. maí og verður Gísli Súrsson sýndur á íslensku.

Eiturefni fjarlægð úr húsi í Dýrafirði

Slökkvilið Ísafjarðarbæjar fjarlægði eiturefni úr húsi í Dýrafirði í síðustu viku. Eigandi hússins hafði verið að taka til á háloftinu þegar hann rakst á tvo brúsa sem innhéldu fljótandi nikótín. Hafði hann samband við lögreglu sem kom boðum á slökkvilið. Samkvæmt þeim upplýsingum sem slökkvilið Ísafjarðarbæjar fékk um efnið er það mjög hættulegt við innöndun og sneringu á húð. Var því efnið sótt og því komið til aðila sem eyddi því á öruggan hátt.

Gjaldskrár Orkubús Vestfjarða hækka

Orkubú Vestfjarða hf., hækkaði gjaldskrár sínar 1. mars sl. Gjaldskrá fyrir raforkudreifingu hækkaði um 8%, gjaldskrá fyrir hitaveitur hækkaði um 6% og verðskrá fyrir raforku hækkaði einnig um 6%. Í tilkynningu frá fyrirtækinu segir að Orkubú Vestfjarða hafi ávallt haft að leiðarljósi að halda orkuverði í lágmarki á veitusvæði sínu en nú sé svo komið að ekki er lengur unnt að komast hjá hækkunum. „Þrátt fyrir þessa hækkun verða tekjur OV einungis um 90% af þeim tekjum sem eftirlitsaðilinn, Orkustofnun, telur að séu nauðsynlegar til að standa undir rekstri rafdreifikerfis Orkubúsins,“ segir í frétt

frá fyrirtækinu.

„Þessar hækkanir á gjaldskrárum eru nauðsynlegar til þess að mæta hækkun á orkuverði frá Landsvirkjun, hækkunum á flutningsgjaldskrá Landsnets sem og hækkun annarra kostnaðarliða í rekstri fyrirtækisins. Þá má einnig geta þess að Orkustofnun hefur aðvarað Orkubúið um að komið geti til inngríps þeirra í gjaldskrársetningu Orkubúsins verði tekjur af raforkudreifingar ekki auknar. Á árinu 2006 hækkaði vísitala neysluverðs hækkað um 7%, Byggingarvísitala um 12% og Launavísitala hækkaði um 10%, segir tilkynningu Orkubúsins. – bb@bb.is



Höfuðstöðvar Orkubús Vestfjarða.



Suðureyri við Súgandafjörð.

Vel gengur í ferðapjónustu á Suðureyri

Allt er orðið fullt í íbúðagistingu á Suðureyri í sumar, en enn er eitthvað laust hjá Veg gistiheimilinu. Íbúðagistingin er hugsuð fyrir erlenda sjóstangveiðimenn og að sögn Elíasar Guðmundssonar, eins eiganda Veg gistingar, hafa bókanir verið framar vonum og verið er að skoða möguleika á að koma fleiri sjóstangveiðimönnum fyrir annarsstaðar. Gerir Elías ráð fyrir að það skýrist fljótlega hvort það verði hægt.

Vörur undir vörumerkinu Sjávarþorpið Suðureyri – The

Original Fishing Village, merktar hinum glaðbeitta Bobby Fisherman, voru seldar á Suðureyri í fyrrasumar, en þar mátti m.a. kaupa sérmerktan bjór, sælgæti og ís. Í ár verður fleiri vörum bætt við en sérmerktir bolir, harðfiskur, sælgæti og fiskur frá Íslandssögu verða til sölu á Suðureyri og jafnvel víðar.

Elías segir að verið sé að þróa vefverslun þar sem vörurnar verða seldar, en vefverslunin mun tilheyra vef Suðureyri, sem til stendur að endurhanna. – tinna@bb.is

Elizabeth Arden

Gift

I love my

Sérfræðingur verður með ráðgjöf dagana 15. og 16. mars

Gjöfin er þín!

Þegar keyptir eru tveir hlutir í andlitslínunni frá Elizabeth Arden þar af eitt andlitskrem *

* Tilboðið gildir á meðan birgðir endast *

Mannlífið

Ábendingar um efni sendist til Thelmu Hjaltdóttur, thelma@bb.is – sími 849 8699

Blogg Sigurjóns M. Egilssonar

<http://www.hvalur.blog.is/blog/hvalur/>

„Byggðamálaráðherrann vill að þjóðin skoði til langframa hvað ber að gera til bjargar þeim byggðarlögum, þeim landshlutum, sem eru komin að fótum fram. Anna Kristín Gunnarsdóttir hóf þarfa umræðu um stöðu verst settu sveitarfélaganna á Alþingi í gær. Stjórnarandstæðingar voru í stuði að venju og höfðu uppi stór og mikil orð. Fræðimaðurinn sem leiðir málaflökkinn rétt eins og Framsóknarflokkinn, taldi engin áhlaupaverk framundan, þetta sé mál sem verði að nálgast með tíð og tíma. Byggðastefnan hefur beðið skipbrot. Nánast allar aðgerðir hafa brugðist.“

Smáauglýsingar

Íbúð óskast til leigu á Ísafirði, helst á eyrinni, í ár frá júní 2007 fyrir fimm manna fjölskyldu. Uppl. í sínum 897 9071 og 860 8037 (Símbi).

Aðalfundur Kvennadeildar SVFÍ á Ísafirði verður haldinn í Guðmundarbrúð. miðvikudaginn 14. mars nk. kl. 20:00. Venjuleg aðalfundarstórf og kosning stjórnar.

Til sölu er Subaru Impreza, 4x4 árg. 1998, ekinn 179 þús. km. Næsta skoðun 2008. Enginn gullmoli en selst ódyrt. Uppl. í síma 892 0854.

Til sölu er ný vetra klárhestur með tölti. Er á jarnum og því er hægt að prófa hann. Einnig er til sölu vel ættaður foli á þrjúja vetri. Hestarnir eru að Söndum í Dýrafirði. Upplýsingar í síma 895 4115.

Til sölu er 94m² einbýlishús í Súðavík. Myndir er hægt að sjá á vefsíðunni www.as.is. Ahugasamir hafi samband við Heiðu í síma 456 7075 og 661 2865.

Til sölu er VW Golf. Verðhugmynd kr. 70 þús. Upplýsingar í síma 862 3879.

Svartur leðurjakki var tekinn í misgrípum í Krúsinni á laugardagskvöld. Hans er sárt saknað og sá sem tók hann er vinsamlegast beðinn að hafa samband í síma 696 0464.

**Ertu orðin(n)
áskrifandi?
Síminn er 456 4560**

Þakkir

Innilegar þakkir til allra sem heimsóttu mig og fjölskyldu mína á 90 ára afmælisdegi mínum þann 25. febrúar sl. Þessi dagur verður okkur ógleymanlegur. Megi heill og hamingja fylgja ykkur öllum.
Hálf dán Einarsson og fjölskylda.

Kirkjustarf

Hnífsdalskapella: Æskulýðs- og föstuguðsþjónusta á sunnudag kl. 11:00. Prestur er sr. Stína Gísladóttir. Fjölmennum!
Flateyrarkirkja: Æskulýðs- og föstuguðsþjónusta á sunnudag kl. 14:00. Hittumst í kirkjunni. *Sóknarprestur.*

Spurning vikunnar

Ertu bartsýn(n) á betri horfur í atvinnumálum á Vestfjörðum?

Alls svöruðu 903.
Já sögðu 231 eða 26%
Nei sögðu 598 eða 66%
Veit ekki sögðu 74 eða 8%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Mæður læra skyndihjálp

Örnámskeið í skyndihjálpi á ungbörnum var haldið á for-eldramorgni í Ísafjarðarkirkju í síðustu viku. Um 20 mæður með börn sín voru á námskeiðinu en kennari var Bryndís Friðgeirsdóttir, svæðisstjóri Rauða krossins á Vestfjörðum. Að sögn Bryndísar hafa svipuð námskeið verið haldin áður, en sjaldan verið svona vel sótt. Á námskeiðinu var farið í gegnum grunnatriði í skyndihjálpi á ungbörnum.

Að sögn Bryndísar geta skyndihjálparkennarar á vegum Rauða krossins tekið fyrir part úr námskeiðum fyrir þá sem vilja læra eitthvað afmarkað, eins og gert var í þessu tilviki. „Það er mjög mikið um að forsvarsmenn fyrirtækja hafi samband og biðji um skyndihjálparnámskeið. Við erum með marga leiðbeinendur hér sem eru þjálfaðir sérstaklega og getum brugðist við með stuttum fyrirvara. Hópar geta komið og beðið um námskeið, hvort sem það eru saumaklúbbar eða fyrirtæki. Rauði krossinn er búinn að gera samning við íslenska ríkið um að vera framsækin og leiðandi í skyndihjálpi þannig að það eru ótal skyndihjálparkennarar sem eru að kenna á vegum Rauða krossins um allt land og þeir eru með alveg sérstakt viðurkennt námsefni sem Rauði krossinn framleiðir. Vegna samningsins við ríkið er borin

sérstök ábyrgð á leiðbeinendum, þeir sendir í endurmenntun reglulega til að vera með allt það nýjasta á takteinunum.“

Bryndís segir að miklu máli geti skipt að vera með skyndihjálpi á hreinu: „Við vitum að mínútur skipta máli, ef sá sem er fyrstur á vettvangi slyss er búinn að læra skyndihjálpi getur hann bjargað mannlífum. Það hlýtur að vera alveg óttalegt fyrir manneskju að standa hjálparvana og geta ekki brugðist við þegar önnur manneskja er í lífshættu. Það getur verið þung og erfið reynsla að hafa staðið hjá og ekki gert neitt. Þessvegna er svo mikilvægt að vera búinn að fara yfir grundvallaratriðin: Hvað ætla ég að gera ef. Þegar maður er búinn að fara yfir þessi atriði á maður auðveldara með að bregðast við. Það sem Rauði krossinn er í raun að gera er að reyna að létta á og koma í veg fyrir þjáningar. Þar er skyndihjálpin mikilvæg.“

Rósamunda Baldursdóttir var á námskeiðinu með son sinn Kristófer. Hún segir það mjög gott og afar nauðsynlegt að svona námskeið skuli vera haldin. Það séu margar mæður sem kunnir ekki að bregðast við þegar eitthvað kemur fyrir barnið þeirra en einnig sé gott fyrir þær sem hafi lært skyndihjálpi áður að rifja hana upp. Rósamunda hefur unnið sem



Börnin létu fara vel um sig á meðan á námskeiðinu stóð.

lögglukona en segir að þrátt fyrir að hafa lært skyndihjálpi í starfi hafi verið mjög gott að rifja hana aðeins upp. „Eftir að hafa lært skyndihjálpi er maður rólegri og veit betur hvað á að gera fyrst þegar sly

verður og hvort hringja eigi eftir aðstoð. Auðvitað ættu allir að fara á skyndihjálparnámskeið reglulega til að halda kunnáttunni við, því hún síast burt með tímanum, tala nú ekki um ef maður er ekki

ad nota hana dags daglega. Maður þarf alltaf að vera að rifja þetta upp. Allir ættu að hafa þekkingu á skyndihjálpi því það er aldrei að vita hvenær maður gæti þurft að hjálpa einhverjum.“ – *tinna@bb.is*



Rósamunda Baldursdóttir og Kristófer.



Bryndís kennir réttu handtökin.

Þjóðbúningar til sýnis í Safnahúsinu

Sýning á þjóðbúningum verður opnuð í Safnahúsinu á Ísafirði á laugardag. Til sýnis verða búningar í eigu safnsins og þjóðbúningastofu auk hluta í einkaeign sem tengjast sýningunni. Þá mun Guðrún Hildur Rósinkær frá þjóðbúningastofu vera með fræðslu um faldbúning og fleiri búninga. Við opnun sýningarinnar verður þjóðbúningafélag formlega stofnað. Stofnfélagarnir eru níu talsins en félagið er stofnað í kjölfar þjóðbúningasaumsnámskeiðs sem haldið var á Ísafirði fyrr í vetur. Annað námskeið verður haldið í haust og hafa nú þegar margir sýnt því áhuga. Á sýningunni verður boðið upp á þjóðlegar veitingar.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag: Suðvestan 8-13 m/s og skúrir eða slydduél sunnan- og vestantil, en annars úrkomulaust. Hiti 0-5 stig. **Horfur á laugardag:** Suðvestan 8-13 m/s og skúrir eða slydduél sunnan- og vestantil, en annars úrkomulaust. Hiti 0-5 stig. **Horfur á sunnudag:** Norðanátt og éljagangur norðanlands, en annars bjartviðri. Hiti í kringum frostmark. **Horfur á mánudag:** Suðlæg eða breytileg átt. Skýjað með köflum. Heldur hlýnandi.



Mýsnar reyna að vekja Lísu af værum blundi.

Hláturinn lengir lífið

Það er óhætt að segja að leikritið á fátt sameiginlegt með upprunalega ævintýrinu, utan helstu aðalpersónanna, en fyrir utan að vera sett upp sem söngleikur er leikgerðin mun myndnari og súrrealískari en sagan. Leikararnir standa sig vel, en hlutverk eru heldur færri í þessari sýningu en þau hafa verið oft áður í Sólrísuleikritum. Það mæðir því mikið á stærstu hlutverkunum.

Anna Birta Tryggvadóttir leikur aðalhlutverkið, sjálfa Lísu, og gerir það afar vel. Hún er sannfærandi sem eina „venjulega“ persónan í Undralandi, hæglát en ringluð stúlka sem er dregin inn í vitleysuna af hinum persónunum. Þorbjörn Kristjánsson hefur góð tök á hinni dramatísku og alltaf allt of seinu kanínu, sem auk þess endurtekur allt sem hún segir á ensku. Gunnar Jónsson leikur köttinn á hlægilega makindalegan hátt en óskýrmæli varð reyndar til þess að eitthvað af textanum missti marks og þar með eitthvað af bröndurum líka. Léttgægjaður samleikur Jóhanns Frimanns Rúnarssonar, sem leikur klikkaða hérann, og Halldórs Sveinssonar í hlutverki Hattarans er með eindæmum skemmtilegur og myndinn. Oddur Eliasson leikur huglausa gerviskjaldböku af mikilli ró og Arna Dalrós Guðjónsdóttir fer með hlutverk kuldalegu drottningarinnar.

Söngur spilar eðlilega stóra



Kanínin útskýrir fyrir Lísu hvar hún er stödd.

rullu og flestir sem syngja standa sig með þryði. Það virtust reyndar vera nokkur vandræði með hljóðnema sem varð til þess að einhverjir leikaranna misstu einbeitinguna í örsamma stund, en á heildina litið kom það ekki að sök. Fjórar stúlkur skipa spaugilegan músakór í sýningunni, en þær syngja og dansa í flestum lögum og skila sínu með miklum ágætum. Eitthvað sýndist mér búningurinn þó þvælast fyrir sumum þeirra. Hljómsveitin sló ekki feilnótu og var að öllum öðrum ólöstuðum sigurvegari kvöldsins. Löggin voru valin af kostgæfni

og þau eru æði fjölbreytt. Það má með sanni segja að á laga-listanum sé eitthvað fyrir alla. Sérstaklega er gaman að segja frá því að verkið er brotið upp á nýstárlegan hátt, en í einu atriðinu er myndbandsbroti varpað á loftið fyrir ofan áhorfendur. Var þetta skemmtilegt og tókst vel og gaf verkinu nýstárlegan blá. Leikmyndin er mjög falleg. Það er ekki mikið af aukahlutum inni á sviðinu sjálfu, en á veggina bakvið sviðið og til hliðar við það hefur Undraland verið málað á listilegan hátt. Lýsingin er ágæt, en ekki meira en það. Henni er þannig

háttad, einhverra hluta vegna, að það er næstum jafn bjart í salnum hjá áhendum og uppi á sviði. Það er auðvitað smekksatriði, en mér finnst töfrar leikhússins dofna örlítið við þetta. Leikskráin er ágætlega gerð, en amalegt er að hvergi skuli koma fram hver þýðandi verksins er auk þess sem nafn leikstjórans vantar. Eins og vera ber er leikgleðin í fyrirrúmi í þessari uppsetningu Leikfélags M.Í., sýningin kítar hláturtaugarnar frá upphafi til enda og óhætt er að lofa áhorfendum góðri skemmtun. — tinna@bb.is



Sælkeri vikunnar eru Ester Sturludóttir og Stefán Hafsteinsson á Ísafirði

Hollustan í fyrirrúmi

Hollustan er í fyrirrúmi hjá sælkerum vikunnar og í aðalrétt er fiskiréttur með dilli sem Ester og Stefán mæla með að bera fram með etaostasalati, hvítlauksbrauði og góðu hvítvíni. Í eftirrétt eru hollar og góðar kókoskúlur. Við fengum þessa uppskrift hjá Rögggu og Sigga á neðri hæðinni“, segir Ester.

Fiskiréttur með dilli

Ýsuflok
arómat
½ dl matarolía + pipar
Brauðrasp
rjómi (matreiðslu)
Rifinn ostur
Dill

Kryddið ýsuflok með aromati setjið í eldfast mót, setjið matarolíu og pipar yfir, Venju-


legt brauðrasp yfir allt saman, rifinn ostur þar ofan á og bætið svo rjómanum út í. Stráð dilli yfir allt saman (ekki of mikið).

Hollustan í fyrirrúmi

100 g kókosmjöl
100 g hnetur (kasjú og hesli hnetur)
25 g kakó (hreint)
200 g döðlur
1/2 tsk rommdropar
Vatn ef þarf.
Kókosmjöl til að velta upp úr.

Setjið allt saman í blandara, búið til litlar kúlur búnar til og veltið upp úr kókosmjöli.

Við skorum á Guðna Brynjólfsson og Stefaniu Brynjólfsdóttur á Ísafirði að töfra fram eitthvað gott.




Íbúum Ísafjarðarbæjar fækkaði um 18 manns á nýliðnu ári.

Íbúum Ísafjarðarbæjar fækkaði um 18 manns

Íbúar í Ísafjarðarbæ voru 4.090 þann 31. desember síðastliðinn og hafði þá fækkað um 18 manns frá sama tíma árið áður, úr 4.108, eða um rúm 0,4%. Íbúar í Bolungarvík voru 902 við áramót en 920 árið áður og hafði því fækkað um 18 manns, eða um tæp 2%. Íbúum Reykhólahrepps fjölgaði um 4 á milli ára úr 251 í 255. Á Tálknafirði fækkaði íbúum úr 302 í 293, eða um 3%.

Íbúum í Vesturbyggð fækk-

aði úr 964 í 939, eða um 2,6%. Íbúum í Súðavíkurhreppi fækkar um 15, úr 240 í 225, eða um rúm 6,2%. Íbúum í Árneshreppi fækkaði um einn, úr 50 í 49, og íbúum í Kaldrananeshreppi fækkaði um 11, úr 112 í 101, eða um 10%. Íbúum í Bæjarhreppi fækkaði úr 105 í 100, og íbúum í sameinuðu sveitarfélagi Broddaneshrepps og Hólmavíkurhrepps, nú Strandabyggðar, fjölgaði úr 499 í 507, eða um 1,6%. — eirikur@bb.is



Sparisjóður Vestfirðinga hagnaðist um 800 milljónir

Hagnaður Sparisjóðs Vestfirðinga á síðasta ári nam 800,6 milljónum króna, eða tæplega fjórum sinnum meira en hagnaðurinn árið áður, sem var 212,6 milljónir króna. Arðsemi eigin fjár á árinu 2006 var 80,2% en hún var 27,7% árið áður. Vaxtatekjur námu alls 905,5 milljónum króna á árinu 2006 og hækkuðu um 16,3% frá árinu áður. Vaxtagjöld námu 742,7 milljónum króna og hækkuðu um 46,7% frá fyrra ári. Hreinar vaxta-

tekjur sparisjóðsins námu því 162,8 milljónum króna en þær voru 272,4 milljónir króna á síðasta ári. Aðrar rekstrartekjur voru 1.069,5 milljónir króna og hækkuðu um 508,9 milljónir króna frá árinu 2005. Hreinar rekstrartekjur námu 1.232,3 milljónum króna, en þær námu 833 milljónum króna árið áður.

Rekstrargjöld sparisjóðsins námu 392,3 milljónum króna, en námu 355,1 milljónum króna á árinu 2005. Framlag í

afskriftarreikning útlána nam 232,7,4 milljónum króna, en var 221,4 milljónir króna á árinu 2005. Útlán sparisjóðsins námu 6.942,9 milljónum króna og jukust um 993,9 milljónir króna frá árinu 2005, eða um 16,7%. Markaðsverðbréf og eignarhlutir í félögum námu 2.130,1 milljónum króna og hækkuðu um 57,8%. Allar eignir sparisjóðsins í skráðum verðbréfum eru færðar á markaðsverði.

Eigið fé Sparisjóðs Vest-

firðinga í árslok 2006 nam 1.805,2 milljónum króna og víkjandi lán námu 564 milljónum króna, eða samtals 2.369,2 milljónir króna. Eiginfjárlutfall samkvæmt CAD-reglum er 13,5% en það var 12,0% í árslok 2005. Sjóðurinn skilar 800,6 milljónum kr. hagnaði á árinu 2006. Um-talsverð hækkan varð á markaðsverðbréfum sjóðsins á árinu en gengishagnaður sjóðsins nam 944,4 milljónum króna á árinu. Eiginfjárstaða



Útibú SPVF á Ísafirði.

sjóðsins hefur styrkt á árinu, en eigið fé og víkjandi lán sjóðsins nema nú 2.369 milljónum króna og er eiginfjárlutfall hans er 13,5% í árslok. Aðalfundur Sparisjóðs Vest-

firðinga verður haldinn í 16. mars. Stjórn sparisjóðsins leggur til að greiddur verði 8,0% arður á árinu 2007 vegna ársins 2006.

– eirikur@bb.is

Kaldastríðsskjöl flokkuð á Ísafirði

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, menntamálaráðherra, hefur lagt til að öll skjöl sem varða öryggismál Íslands á árunum 1945 til 1991 verði flokkuð á Ísafirði. Ráðherra lagði fram frumvarp um breytingar á lögum um Þjóðskjalasafn Íslands á Alþingi í síðustu viku um stofnun sérstaks öryggismálasafns innan safnsins sem fari með skjöl um öryggismál frá þessu tímabili og aðgang fræðimanna og annarra að þeim.

Talið er að það muni taka um fjögur ár að flokka skjölin og vista í sérstöku öryggismálasafni en talið er að það muni taka um fjögur ár að flokka skjölin og gera þau aðgengileg og að sögn menntamálaráðherra munu Héraðsbókasöfnin á Ísafirði og Húsa-vík koma að flokkun skjallanna. Menntamálaráðherra telur mikilvægt að vinna verk-ið vel en að fræðimenn og aðrir fái aðgang að gögnunum sem fyrst. – thelma@bb.is

Rannsóknastofunni Agar lokað

Tveimur starfskonum rannsóknastofunnar Agar á Ísafirði hefur verið sagt upp störfum frá og með síðustu mánaðamótum og fyrirhugað er að loka stofunni. Verkefnaleyfi mun vera aðal ástæða uppsagnanna að sögn Sigríðar Magnúsdóttur, starfsmanna Aga ehf.

„Þetta hefur verið rekið með tapi og þar sem rækjuveiðar hafa verið eins stopulár og verið hefur að undanfögnu, þá gefur auga leið að verkefnum hér fækkar.“ Sigríður

segist ekki vita hvenær lokunardagurinn verði, en hún hefur þriggja mánaða uppsagnarfrest. Agar ehf., var stofnað árið 2004 í kjölfar þess að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins lagði niður þjónustumælingar við sjávarútvegsfyrirtæki á Ísafirði og starfólki stofunnar sagt upp.

Agar er í eigu þriggja sjávarútvegsfyrirtækja á norðanverðum Vestfirðum, Hraðfrystihússins-Gunnvarar í Hnífsdal, Miðfells á Ísafirði og Bakkavíkur í Bolungarvík.



Rannsóknastofnan Agar er til húsa í Vestrahúsinu.

Á sínum tíma vildu þessir aðilar frekar stofna eigið fyrirtæki til að hafa þjónustuna innan seilingar en að senda sýnin til rannsóknar annars

staðar á landinu. Agar sinnir aðallega mælingum fyrir rækjuverksmiðjurnar á svæðinu.

– annska@bb.is

Mikilvægt að stuðla að uppbyggingu fyrir sjóstangaveiðiferðir

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar telur mikilvægt að skapa aðstöðu fyrir þá aðila sem vilja byggja upp ferðapjónustu tengda sjóstangaveiði í Ísafjarðarbæ. Lögð verður áhersla á að umhverfisnefnd og tæknideild hraði vinnu við skipulag þannig að sem fyrst liggi fyrir hvaða lóðir geta verið til útlutunar fyrir húsnæði vegna sjóstangveiðinnar. Þetta kom fram í kjölfar fyrirspurnar Fjord Fishing ehf., um lóðir undir frístundahús á Þingeyri og Flateyri á dögnum. Er að lágmarki um fimm hús að ræða á hvorum stað en unnið er að því að dreifa starfsemi á sem flesta staði.

Félagið Fjord Fishing ehf., var stofnað 2005 með það að

markmiði að efla ferðapjónustu á Vestfirðum. Stofnendur voru einstaklingar, fyrirtæki og sveitarfélög á Vestfirðum. Í starfi sínu hefur Fjord Fishing leitast eftir samstarfi við heimamenn og í þeim tilgangi var samið við Sumarbyggð í Súðavík, Tálknabyggð í Tálknafirði, Eaglefjod á Bildudal, Próton á Tálknafirði og Vesturferðir á Ísafirði. Þá lágu fyrir drög að samningi milli Fjord Fishing og Hvíldarkletts á Suðureyri en ekki varð úr samstarfinu.

Níu hundrað og sextíu sjóstangaveiðimenn komu til Súðavíkur og Tálknafjarðar í sumar á vegum Fjord Fishing. Félagið var í samstarfi við þýsku skrifstofuna Vögler's



Höfnin í Súðavík.

Angelereisen en samningur var rift í lok janúar. „Af fenginni reynslu og kynnum af þessum markaði hefur nú verið gengið til samstarfs við aðra

ferðaskrifstofu um sölu ferða sjóstangaveiðimanna til Vestfjarða. Áfram verður leitast við að dreifa starfsemi á sem flesta firði svæðisins.

Eins og greint hefur verið frá leitar Hvíldarklettur nú einnig leiða til að koma upp aðstöðu fyrir sjóstangveiðimenn á Flateyri og Þingeyri í

samvinnu við innlenda og erlenda aðila sem hafa nú þegar leitað til þeirra um samstarf við uppbygginguna.

– thelma@bb.is